FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
287. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 6. DESEMBER 2017



Undrandi og glöð. „Þótt gott sé að fá meðbyr í upphafi þá kallar þetta á enn ríkari kröfur um að standa undir þeim væntingum sem fólk hefur,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Flokkur hennar bætir við sig miklu fylgi. Stuðningur við ríkisstjórnina mælist tæp 80 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ellert B. Schram fjallar um lífskjör aldraðra. 12

**SPORT** Óðinn Þór verður á fullu á Fjóni á næsta tímabili. 15

**LÍFIÐ** Óskar Steinn Ómarsson gagnrýnir texta við nýtt lag Herra Hnetusmjörs. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# VG rýkur upp og mikill meðbyr nýrrar stjórnar

**Næstum átta af hverjum tíu svarendum styðja ríkisstjórnina. Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri græn eru stærstu stjórnmálaflokkarnir á Alþingi. Forsætisráðherra segir gott að hafa meðbyr en kröfurnar um að standa sig séu enn ríkari fyrir vikið.**

**STJÓRNMÁL** „Ég er auðvitað bæði undrandi og glöð með þennan stuðning og þakklát fyrir þann meðbyr sem við fáum í upphafi,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna.

Flokkur Katrínar mælist með 23,5 prósenta fylgi í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Það er rúmlega 6,5 prósentustigum meira en flokkurinn fékk upp úr kjörkössunum þegar alþingiskosningar fóru fram í lok október. Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti flokkur landsins með rúmlega 26 prósenta fylgi. Þetta er fyrsta könnun á fylgi flokka sem gerð er eftir að stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins var undirritaður fyrir helgi.

Sjálfstæðisflokkurinn og VG eru með talsvert forskot á aðrar stjórnmálahreyfingar, en Samfylkingin er þriðji stærsti flokkurinn með rúmlega 13 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn er með rúm 11 prósent. Píratar eru með tæplega átta prósent og Miðflokkurinn er með rúmlega sjö prósent. Þá er Viðreisn með tæplega fimm prósent og Flokkur fólksins með fjögur prósent.

### Fylgi flokka 4. desember 2017




Katrín segir að niðurstaða könnunarinnar breyti því ekki að hún sé fyrst og fremst að hugsa um verkefnin fram undan. „Þótt gott sé að fá meðbyr í upphafi þá kallar þetta á enn ríkari kröfur um að standa undir þeim væntingum sem fólk hefur,“ segir Katrín.

Fréttablaðið kannaði líka stuðning við ríkisstjórnina. Af þeim sem afstöðu tóku sögðust 78 prósent styðja stjórnina en 22 prósent styðja hana ekki. Fréttablaðið kannaði ekki stuðning við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar fyrr en rúmum tveimur mánuðum eftir að sú stjórn var mynduð. Þá sögðust rúmlega 42 prósent styðja stjórnina.

Gallup birtir á vef sínum ítarlegar upplýsingar um stuðning við ríkisstjórnir síðustu tvo áratugina. Samkvæmt þeim upplýsingum mælist engin ríkisstjórn með viðlíka stuðning á þessari öld, ef undanskilin er ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar sem mældist 83 prósent mánuði eftir alþingiskosningarnar 2007. – jhh / sjá síðu 6

## Kæra Björn Inga fyrir fjárdrátt

**LÖGREGLUMÁL** Ný stjórn Pressunnar hefur kært fyrrverandi stjórnarformann og framkvæmdastjóra Pressunnar fyrir fjárdrátt og skatta- og bókhaldslagabrot.

Meðal kæruefna er að Björn Ingi Hrafnsson á að hafa notað á þriðja tug milljóna króna af eignum Pressunnar til að greiða fyrir eigið hús.



„Þetta er bara brjálaður hefndarleiðangur,“ segir Björn Ingi. – aá / sjá síðu 8

## Tvíburasystur eru 95 ára í dag

**FÓLK** „Það er ekki alveg vitað hvor kom á undan,“ segir Kristbjörg Haraldsdóttir sem í dag á 95 ára afmæli eins og tvíburasystir hennar Bergljót.

Móðir systranna lést þremur dögum eftir fæðinguna og þær ólust upp hvor á sínu landshorninu. „Við vorum reyndar saman einn vetur á Kópaskeri þegar við vorum sextán ára,“ segir Kristbjörg. – bbh / sjá síðu 2





TVÖ BESTU SÖFNIN Í REYKJAVÍK
skv. www.tripadvisor.com 29.11.17
1. NAT. MUSEUM OF ICELAND
2. TALES FROM ICELAND
HÓPAR VELKOMNIR
í séropnun, móttökur, fordrykki, o.fl.
Tales from Iceland
Austurbæ við Snorrabraut
518 4000
tales.is

KÆRLEIKSKÚLAN
ŪGH & BÕÖGÂR



Sölutímabil
6. – 20. desember
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS
GJÖF SEM LIFNAR VIÐ



568 8000 • BORGARLEIKHUS.IS

## Veður




Víða allhvass norðaustan vindur með snjókomu á köflum á norðanverðu landinu en léttir til sunnanlands. Hvessir heldur austan til með deginum, stormur í kvöld á Suðausturlandi. Kalt í veðri. SJÁ SÍÐU 20



**Ekki liggur fyrir hvernær rannsókn málsins lýkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rannsókn langt á veg komin

**LÖGREGLUMÁL** „Rannsókninni er ekki enn lokið en hún er langt komin,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari um rannsókn embættisins á meintum brotum yfirmanns hjá Icelandair á lögum um verðbréfaviðskipti. Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í júlí síðastliðnum og síðan var greint frá því að yfirmaðurinn hefði verið í slagtogi við að minnsta kosti þrjá aðra menn, sem einnig eru grunaðir.



**Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari**

Mennirnir eru grunaðir um að hafa nýtt sér í nokkur skipti innherjaupplýsingar sem þeir fengu hjá yfirmanni hjá Icelandair til að gera framvirka samninga með hlutabréf í Icelandair Group, aðeins fáeinum dögum áður en félagið sendi frá sér kolsvarta afkomutilkynningu til Kauphallarinnar í febrúar.

Icelandair sendi yfirmanninn strax í leyfi frá störfum þegar félagið fékk upplýsingar um að viðkomandi væri til rannsóknar. Héraðssaksóknari hefur kyrrsett tugi milljóna króna í tengslum við rannsókn málsins sem eru ætlaður hagnaður mannanna af viðskiptunum.

Ólafur Þór segir ekki liggja fyrir hvenær rannsókn málsins ljúki. – **smj**

# Íslenskur strákur vann gull á HM í Mexíkóborg



**Ísland með fern verðlaun** Róbert Ísak Jónsson varð heimsmeistari í 200 metra fjórsundi í flokki S14 á heimsmeistaramóti fatlaðra í sundi í Mexíkóborg. Róbert hafði betur gegn Suður-Kóreumanninum Cho Wonsang eftir frábæran endasprett í skriðsundinu. Þetta eru önnur verðlaun Róberts á HM. Hann vann silfur í 100 metra bringusundi. Thelma Björg Björnsdóttir og Sonja Sigurðardóttir hafa unnið bronsverðlaun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rússar æfir yfir útilokun frá ÓL

**RÚSSLAND** Íþróttamenn og stjórnmálamenn frá Rússlandi fordæmdu í gær ákvörðun Alþjóðaólympíunefndarinnar um að banna ríkinu að taka þátt í vetrarólympíuleikunum í Pyeongchang í Suður-Kóreu á næsta ári vegna lyfjamisnotkunar.

Alexei Kravtsov, formaður skautahlaupssambands Rússlands, sagði ekki rétt að refsa Rússlandi í heild. Alexander Zubkov, forseti bobsleðasambands landsins, sagði ákvörðunina hneyksli. Zubkov var sjálfur sviptur gulli frá leikunum 2014 eftir að hafa fallið á lyfjaprófi.

Einstökum Rússum verður heimil þátttaka undir fána Alþjóðaólympíunefndarinnar sé sýnt fram á að þeir hafi ekki gerst brotlegir. Frants Klintsevich, formaður varnarmálanefndar rússneska þingsins, sagði Rússum bera að hafna því. Stórveldi færi ekki huldu höfði á ÓL. – **þea**




# Aðskildar eftir fæðingu og eru nú orðnar 95 ára

**Einir elstu tvíburar landsins, Bergljót og Kristbjörg Haraldsdætur, eiga 95 ára afmæli í dag. Móðir þeirra lést þremur dögum eftir fæðinguna og þær ólust upp hvor á sínu landshorninu.**

**FÓLK** „Það er ekki alveg vitað hvor kom á undan. Sögum ber ekki saman,“ segir Kristbjörg Haraldsdóttir en hún heldur upp á 95 ára afmæli sitt í dag.

Tvíburasystir Kristbjargar, Bergljót, segir að uppeldismóðir hennar hafi nú yfirleitt bent á að hún hafi komið á undan. Eftir að hafa kynnst þeim systrum þá er það trúlega rétt.

Systurnar komu í heiminn á þessum degi árið 1922. Móðir þeirra lést nokkrum dögum síðar. Þær ólust því ekki upp saman.

„Mamma deyr 9. desember af barnsförum. Það var lítið samband okkar á milli. Hún var á Tjörnesi en ég fyrir sunnan,“ segir Bergljót og Kristbjörg bætir við:

„Við vorum reyndar saman einn vetur á Kópaskeri þegar við vorum sextán ára,“ segir Kristbjörg en kemst ekki lengra því systir hennar grípur fram í: „Þá var ég svo vond við þig.“ Og Kristbjörg svarar: „Þú hefur alltaf verið það.“ Dætur hennar, sem eru í kaffi með henni, skella upp úr og þær systur brosa hlýlega til hvor annarrar.

Svo rifja þær upp eina fallega jólasögu þegar Bergljót gaf systur sinni Nivea-krem en það var fyrsta kremið sem Kristbjörg fékk.

„Það kom í þremur stærðum og ég fékk miðstærðina. Það er búið núna,“ segir hún og hlær.



**Þær tvíburasystur voru sparíklæddar og glæsilegar þegar þær hittust í gær. Kristbjörg til vinstri ásamt systur sinni Bergljótu til hægri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Mamma deyr 9. desember af barnsförum. Það var lítið samband okkar á milli. Hún var á Tjörnesi en ég fyrir sunnan.
>
> Bergljót Haraldsdóttir

Kristbjörg segist sjaldan hafa orðið öfundsjúk út í systur sína en þegar Bergljót hafi fengið hjól í fermingargjöf hafi örlað á dálítilli öfund. „Uppeldisbróðir minn fékk líka hjól og ég man að ég varð pínu svekkt þarna,“ segir hún.

„Ég var eina stelpan í sveitinni sem átti hjól. Allar stelpurnar vildu prófa það því það var alveg rosalega flott,“ segir Bergljót og glottir.

Þær systur segja að breytingar sem þær hafi upplifað séu margar og miklar. Þeim líst illa á að sjá öll börnin stara ofan í símana sína.

„Þau verða heilsulaus af þessu. Þetta er hræðilegt að sjá,“ segir Kristbjörg. Þess má geta að hvorug systranna er á Facebook.

Jólaundirbúningur er á fullu hjá systrunum og verður laufabrauð skorið út hjá Kristbjörgu 16. desember. Skera á út heilar 440 kökur.

„Þetta eru orðin svo mörg heimili. Meira að segja kærasti barnabarns míns og hann er frá Ástralíu,“ segir Kristbjörg. **benediktboas@365.is**




**FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI**
Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu.
Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



**Öryggisráðstafanir voru gerðar á leikskólum í Svíþjóð í kjölfar barnaníðs.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Skólum breytt eftir barnaníð

**SVÍÞJÓÐ** Breytingar hafa verið gerðar á öllum leikskólum í Kristianstad í Svíþjóð eftir að í ljós kom árið 2015 að barnaníðingur, sem starfað hafði á 26 leikskólum í afleysingum, hafði beitt um 20 börn á aldrinum eins til þriggja ára ofbeldi. Í mörgum tilfellanna tók hann myndir af börnunum með farsíma þegar hann var að skipta á þeim.

Gluggar hafa verið settir á salernisdyr í leikskólunum og skiptiborð eru höfð í augsýn allra. Auk þess er starfsmönnum bannað að nota eigin farsíma á meðan þeir eru í vinnunni. Símarnir verða læstir inni yfir daginn. Samkvæmt frétt sænska ríkissjónvarpsins eru ekki allir starfsmenn ánægðir með farsímabannið.

Barnaníðingurinn hefur verið dæmdur fyrir nauðgun, gróft kynferðislegt ofbeldi og barnaklám. **– ibs**

## Borgin borgar skólabækurnar

**SKÓLAMÁL** Námsgögn í grunnskólum Reykjavíkurborgar verða nemendum og foreldrum þeirra að kostnaðarlausu, verði tillaga þess efnis samþykkt á fundi borgarstjórnar í dag.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri greindi frá tillögunni í ræðu sem hann hélt um fjárhagsáætlun borgarinnar. Sagði hann borgina með þessu svara kalli fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, Barnaheilla og foreldrafélaga í Breiðholti, sem talað hafa á þessum nótum. Ef þetta gengur eftir verður farið í útboð vegna námsgagna fyrir alla skóla í Reykjavík. Fjárheimildum skóla- og frístundasviðs verður breytt til samræmis. **– bg**

### LEIÐRÉTTING

*Í frétt blaðsins í gær var fjallað um kostnað að ferðir á HM næsta sumar. Í fréttinni kom fram að flugverðið til og frá Moskvu, sem blaðið tók sem dæmi, væri 62 þúsund krónur í beinu flugi. Hið rétta er að um var að ræða flug með einu stoppi.*

# Gert ráð fyrir brýnum verkefnum í fjárlagafrumvarpi

**STJÓRNMÁL** Ráðist verður í brýn verkefni á sviðum heilbrigðismála, menntamála og samgöngumála og verður gert ráð fyrir þeim verkefnum í nýju fjárlagafrumvarpi. Þetta sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Ríkisstjórnin afgreiddi allar helstu tillögur fjárlagafrumvarps næsta árs í gær og boðaði forsætisráðherrann töluverðar breytingar frá frumvarpi fyrri ríkisstjórnar. Stefnt sé að því að ljúka frágangi einstakra liða í dag sem ekki var gengið frá í gær.

44 milljarða afgangur var áætlaður í fjárlagafrumvarpi síðustu ríkisstjórnar en Katrín sagði afkomuhorfur betri nú en áður var talið. Aðgerðir stjórnarinnar taki mið af því og þeim afgangi sem sé til staðar verði ráðstafað til að ráðast í úrbætur.



**Fyrstu fjárlög ríkisstjórnarinnar eru í smíðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„En það liggur líka fyrir að við munum ekki ná að leysa öll vandamál í þessu fjárlagafrumvarpi. Stóru línurnar varðandi hina pólitísku stefnumótun þessarar ríkisstjórnar eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpinu munu birtast í fjármálaáætlun sem lögð verður fyrir þingið á vormánuðum,“ sagði Katrín sem reiknar með að málalisti hvers ráðherra fyrir sig fyrir komandi þing liggi fyrir í vikulokin. **– hmp, þea**

# Íslenska bókin er innflutt og handverk gæti glatast úr landi

**Jólabókaflóðið mun um næstu jól bera nafn með rentu því líklegt er að nærstum allar skáldsögur landsmanna komi til landsins með skipum. Glötun handverks er því raunhæfur möguleiki að sögn sérfróðra.**

**SAMFÉLAG** Í jólabókaflóðinu í ár eru 202 titlar prentaðir á Íslandi. Það er fækkun um 70 titla frá árinu áður. Aðeins einn af hverjum þremur titlum er prentaður hér á landi.

Í Kína, Slóveníu, Finnlandi, Lettlandi og Eistlandi eru samtals prentaðir 268 titlar fyrir íslenska jólabókaflóðið í ár.

Ljóst er að með breytingum hjá prentsmiðjunni Odda, þess eðlis að þeir muni hætta að prenta harðspjaldabækur strax í byrjun næsta árs, er ljóst að nánast öll prentun fyrir jólabókaflóðið mun flytjast úr landi.

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segir þetta ekki heppilega þróun. Hann hafi í lengstu lög reynt að prenta bækur hér á landi. Mikilvægt sé að handverkið, prentun og bókband, glatist ekki hér á landi.

„Þetta er ekki heillavænlegt fyrir okkur Íslendinga, sem viljum kenna okkur við að vera bókaþjóð, að prentun sé alfarið að flytjast úr landi. Það er mjög mikilvægt að þetta handverk glatist ekki,“ segir Egill Örn.

„Einnig erum við að klóra okkur í kollinum yfir hvernig endurprentun eldri titla verður hjá okkur þegar Oddi getur ekki lengur prentað fyrir okkur,“ bætir Egill Örn við.

Georg Páll Skúlason, formaður Grafíu sem er félag bókagerðarmanna, segist hafa áhyggjur af því að enn meiri prentun streymi úr landi. Fáir menntí sig í iðngreininni, prentun og bókbandi til að mynda, og af því hefur Georg Páll sérstakar áhyggjur.

„Það verður mjög erfitt að viðhalda þeirri þekkingu sem þarf ef áfram heldur sem horfir í prentuninni. En þetta er víst partur af samkeppninni við útlönd að ódýrari markaðir gera prentsmiðjum hér á landi erfitt fyrir,“ segir Georg Páll.

Grafía harmaði á sínum tíma ákvörðun Odda um að hætta harðspjaldaprentun hér á landi. Hún færi í sér fækkun starfa og að áhrif þess yrðu óafturkræf. **sveinn@frettabladid.is**




**Íslendingar telja sig bókhneigða. Nú er svo komið að prentun harðspjaldabóka mun að mestu leggjast af á Íslandi á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Prentun bóka, jólabókaflóðið 2017

**Rauði liturinn sýnir innlenda prentun. Grái liturinn sýnir erlenda prentun.**

| Flokkur | Innlend prentun | Erlend prentun |
|---|---|---|
| **Fræðibækur,** bækur almenns efnis og listir | 53% | 47% |
| **Saga, ættfræði, ævisögur,** handbækur, matur og drykkur | 26% | 74% |
| **Barnabækur,** íslenskar og þýddar | 21% | 79% |
| **Skáldverk,** íslensk og þýdd | 32% | 68% |

**Einnig erum við að klóra okkur í kollinum yfir hvernig endurprentun eldri titla verður hjá okkur þegar Oddi getur ekki lengur prentað fyrir okkur.**



Egill Örn Jóhannsson, hjá Forlaginu





REKSTRARVÖRUR FYRIR HEIMILIÐ

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksugur, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, náttúruvænar bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | **Opið alla virka daga kl. 9-18**

REKSTRARLAND


ŠKODA
FÁÐU 100.000 KR.
GJAFABRÉF
Í KRINGLUNA!*
IS FD 21 R21
ŠKODA OCTAVIA. MEÐ MEIRA RÝMI FYRIR GJAFIRNAR.
Festu þér ŠKODA Octaviu fyrir jól og þú færð 100.000 kr. gjafabréf í Kringluna. Ef þú vilt hugsa málið getur þú fengið Octaviu lánaða í sólarhring og fundið út hvernig þið eigið saman. Sendu okkur línu á skoda@skoda.is eða komdu við hjá okkur í HEKLU og fáðu Octaviu með þér heim í 24 tíma. Hlökkum til að heyra frá þér!
24 TÍMA
HEIMLÁN
ŠKODA
ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
*100.000 kr. gjafabréf í Kringluna
fylgja öllum nýjum Octavium til jóla.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Blás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
www.skoda.is

# Ríkisstjórnin með 78 prósenta stuðning

**Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur nýtur meiri stuðnings fólks yfir fimmtugu en þeirra sem yngri eru. Ekki er munur á stuðningi milli kynja. Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn. Miðflokkurinn myndi tapa fylgi ef kosið yrði til Alþingis í dag.**

## Svona skiptist fylgið milli flokkanna




**STJÓRNMÁL** Næstum átta af hverjum tíu sem afstöðu taka í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis, eða 78 prósent, segjast styðja ríkisstjórnina. En 22 prósent segjast ekki styðja hana.

Ekki virðist vera munur á afstöðu til ríkisstjórnarinnar eftir kyni. Hins vegar er nokkur munur þegar horft er til alders. Þannig segjast 85 prósent kjósenda í aldurshópnum 50 ára og eldri styðja ríkisstjórnina en 15 prósent styðja hana ekki. Aftur á móti segjast einungis 73 prósent í aldurshópnum 18-49 ára styðja hana á meðan 27 prósent segjast ekki styðja hana.

### Skipting þingsæta











**MASTER® HITABLÁSARAR**

**Þessir einu sönnu gæða hitablásarar.**
Bjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu.
Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara.
Viðurkennd viðgerða- og varahlutaþjónusta.

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Vefsíða:** www.thor.is





Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti flokkur landsins í skoðanakönnuninni með rúmlega 26 prósenta fylgi. Vinstri græn eru næststærsti flokkurinn með 23,5 prósent og Samfylkingin er svo þriðji stærsti flokkurinn með rúmlega 13 prósent. Framsóknarflokkurinn fengi síðan rúmlega 11 prósenta fylgi, Píratar tæplega átta prósent og Miðflokkurinn rúmlega sjö prósent. Þá er Viðreisn með tæplega fimm prósenta fylgi og Flokkur fólksins með slétt fjögur prósent.

Yrðu þetta niðurstöður kosninga myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá 19 þingmenn kjörna, Vinstri græn myndu fá 17 og Framsóknarflokkurinn átta. Samfylkingin myndi verða stærsti stjórnarandstöðuþingflokkurinn með níu þingmenn. Píratar og Miðflokkurinn myndu hafa fimm menn hvor þingflokkur.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunarinnar myndi þingflokkum fækka úr átta í sex ef kosið væri í dag því hvorki Viðreisn né Flokkur fólksins myndu fá kjörna þingmenn.

Þetta eru fyrstu niðurstöður skoðanakönnunar sem birtar eru á fylgi flokka eftir að skrifað var undir stjórnarsáttmála ríkisstjórnar VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Hann var undirritaður á fimmtudag í síðustu viku og á föstudaginn tóku nýir ráðherrar við lyklavöldum í ráðuneytum sínum.

Fyrsti fundur Alþingis eftir kosningar verður fimmtudaginn 14. desember, það er í næstu viku. Þann dag verður Alþingi sett að undangenginni guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Um kvöldið flytur Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra stefnuræðu sína.

Venju samkvæmt verður fjárlagafrumvarpið fyrsta málið sem lagt verður fyrir þingið. Þá verður jafnframt lagt fram frumvarp til fjáraukalaga þessa árs. Búist er við því að Alþingi fundi milli jóla og nýárs. **jonhakon@frettabladid.is**

### Aðferðafræðin

Hringt var í 1.316 manns þar til náðist í 804 samkvæmt lagskiptu úrtaki 4. desember. Svarhlutfallið var 61,1 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 69,4 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar, 8,6 prósent sögðust ekki myndu kjósa eða skila auðu, 2,6 prósent sögðust óákveðin og 19,3 prósent neituðu að svara spurningunni.

Einnig var spurt: Styður þú núverandi ríkisstjórn? Alls tók 81 prósent afstöðu til þeirrar spurningar, 13 prósent sögðust óákveðin og fimm prósent svöruðu ekki.

### Styður þú ríkisstjórnina?












*Tilboðin gilda til mánudagsins 11. desember 2017

HEITT KAFFI
OG KAKÓ Í
JÓLATRJÁA-
SKÓGINUM

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



**Frá framkvæmdum við sundlaugina.** FRÉTTABLAÐIÐ /AUÐUNN NÍELSSON

# Kostnaður stefnir í 410 milljónir

**AKUREYRI** Heildarkostnaður við endurbætur vegna uppsetningar þriggja rennibrauta, nýrrar lendingarlaugar og annarra viðhaldsverkefna í Sundlaug Akureyrar nemur 410 milljónum króna. Þetta segir í stöðuskýrslu.

„Við erum núna að flísaleggja pottinn,“ segir Ingibjörg Ólöf Isaksen, formaður umhverfis- og mannvirkjanefndar. Vonast sé til að framkvæmdunum ljúki í mars.

Upphaflega áttu framkvæmdir á svæðinu að kosta 270 milljónir. Í júlí sagði Fréttablaðið frá því að kostnaðurinn stefndi í 405 milljónir. Ingibjörg bendir á að upphaflega hafi rennibrautirnar átt að vera tvær en ákveðið hafi verið að bæta við barnarennibraut. Lendingarlaug hafi brotnað og ný verið steypt. Þá hafi köldu kari verið bætt við auk viðhalds.

Í skýrslunni kemur fram að til standi að ráðast í frágang í sundlaugargarði og uppbyggingu á barnaog sólbaðssvæði, sem ekki hafi verið hluti af upphaflegum áformum. **– bg**

## Barist við eldhafið



**Að minnsta kosti 27 þúsund íbúar borganna Ventura og Santa Paula í Kaliforníu í Bandaríkjunum hafa þurft að flýja heimili sín vegna skógarelda. Slökkviliðsstarf gekk illa í gær vegna roks sem olli því að eldurinn breiddi afar hratt úr sér. Þúsundir ekra voru alelda í gær og að minnsta kosti einn hefur farist vegna hamfaranna. Skógareldar sem þessir hafa verið tíðir á vesturströnd Bandaríkjanna á þessu ári.** NORDICPHOTOS/AFP


EINRÓMA LOF

*Syndafallið er falleg og nærgöngul fjölskyldusaga sem lætur engan ósnortinn.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

★★★★★
*Mikael fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast ... stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**

★★★★½
*Skelfileg en falleg saga, full af sársauka og átökum, elskusemi og æðruleysi.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir/Morgunblaðið**

★★★★
*Syndafallið er í senn kraftmikið uppgjör og einlæg ástarjátning höfundar til breyskra en afar forvitnilegra persóna.*
**Magnús Guðmundsson/Fréttablaðið**

*Bókin er svo góð ... maður eiginlega bara klappar fyrir höfundinum.*
**Kolbrún Bergþórsdóttir/Kiljan Rúv**

*Þetta er stórkostleg bók.*
**Frosti Logason/Harmageddon**

*Með því besta og fallegasta sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**





# Björn Ingi kærður til héraðssaksóknara

**Ný stjórn Pressunnar hefur kært Björn Inga Hrafnsson fyrir fjárdrátt og brot gegn skatta- og bókhaldslögum. Lögmaður Björns segir það fjölmiðlasýningu. Skynsamlegra hefði verið að afla upplýsinga um málið áður en kært var.**

**FJÖLMIÐLAR** „Þetta er bara brjálaður hefndarleiðangur,“ segir Björn Ingi Hrafnsson um kæru til héraðssaksóknara á hendur honum og Arnari Ægissyni. Það er nýkjörin stjórn Pressunnar ehf. sem hefur kært fyrrverandi stjórnarformann og framkvæmdastjóra Pressunnar fyrir fjárdrátt og margvísleg skattalaga- og bókhaldsbrot.

„Þeir ætluðu að setja þetta í þrot en hirða titlana og láta allt falla á ríkið en við sýndum þeim þá óvirðingu að selja félagið til að borga skuldirnar. Ég fékk ekkert út úr því sjálfur, þetta var bara eina leiðin til að borga skuldirnar,“ segir Björn Ingi, inntur eftir því fyrir hvað menn séu að hefna sín. Hann segir þá munu svara þessum ásökunum enda hafi ný stjórn haft í frammi mjög alvarlegar ásakanir án þess að afla sér upplýsinga fyrst.

Í kærunni er farið fram á að héraðssaksóknari og eftir atvikum skattrannsóknarstjóri rannsaki efnisatriði kærunnar. Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari staðfestir að kæra hafi borist embættinu nýverið vegna Pressunnar ehf. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri vildi hvorki staðfesta að málefni Pressunnar væru til rannsóknar hjá embættinu né tjá sig frekar um málið þegar eftir því var leitað.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Björns Inga Hrafnssonar, segir málið vera fjölmiðlasýningu. „Hann er ekki til í að upplýsa okkur um í hverju sakargiftir eiga að felast, hvorki mig né mína umbjóðendur; við erum margsinnis búnir að bjóða þeim upp á að funda með honum til að útskýra ef það er eitthvað sem stendur út af,“ segir Sveinn Andri um Ómar R. Valdimarsson, nýjan stjórnarformann Pressunnar ehf. og bætir við: „Hann veit sem er, að það verður ekkert úr þessu máli, þetta er bara fjölmiðlasýning.“

Sveinn Andri segir að skynsamlegra hefði verið að afla upplýsinga um kæruefnin áður en kæran var lögð fram. „Þau kæruatriði sem umbjóðendur mínir hafa heyrt út undan sér að athugasemdir séu gerðar við, eiga sér öll eðlilegar skýringar. Björn Ingi hefur lánað félaginu mikla fjármuni auk þess að vera í ábyrgðum fyrir það. Það hefur alltaf legið fyrir að fyrir ábyrgðir sínar fengi hann þóknun og það hefur alltaf verið uppi á borðum að hann fengi greitt í formi auglýsingainneigna. Sem er akkúrat með sama hætti og kærendur hafa fengið greiðslur.“ **adalheidur@frettabladid.is**

### Helstu atriði kærunnar

Í kærunni er byggt á því að fráfarandi stjórnendur Pressunnar hafi hvorki staðið skil á greiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna, né innheimtum virðisaukaskatti. Þegar útgáfuréttindi félagsins voru seld þann 5. september síðastliðinn hafi félagið skuldað 327 milljónir í opinber gjöld.

Þá hafi á níunda tug milljóna verið millifærðar út af reikningum félagsins inn á reikning þáverandi stjórnarformanns, Björns Inga Hrafnssonar, frá 2014. Í rökstuðningi segir að vegna bókhaldsóreiðu hafi núverandi stjórn reynst ókleift að glöggva sig á ástæðum millifærslnanna.

Þá sé einnig rökstuddur grunur um að Björn Ingi hafi notað á þriðja tug milljóna af eignum félagsins til að greiða fyrir húsið Kirkjustétt 28 í Reykjavík. Af kaupsamningi má sjá að hluti greiðslu fyrir er í formi auglýsingainneignar. Seljandi er Guðmundur Gauti Reynisson, eigandi Húsgagnahallarinnar, Betra baks og Dorma. Yfirlýsing um auglýsingainneignina fylgir kaupsamningnum, undirrituð af Arnari Ægissyni, framkvæmdastjóra Vefpressunnar. Kaupsamningurinn var undirritaður 17. ágúst 2016 og kaupverðið var 97 milljónir.



Björn Ingi Hrafnsson

> **Þetta er bara brjálaður hefndarleiðangur.**
>
> Björn Ingi Hrafnsson

# Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS



*Sléttuvegur í Reykjavík samanstendur af hjúkrunarheimili, þjónustumiðstöð og leiguíbúðum fyrir 60 ára og eldri.*



*Skóflustunguna tóku þeir Guðmundur Hallvarðsson, fyrrverandi formaður Sjómannadagsráðs, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur og Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra.*

## Ungur má en gamall skal

# Taktu þátt!

*Með þátttöku sinni í Happdrætti DAS hefur fólkið í landinu lyft grettistaki í málefnum aldraðra. Öldruðum fjölgar og biðlistar lengjast svo þörfin á nýjum úrræðum er mikil.*

**Hrein viðbót hjúkrunarrýma**

Ríki og borg hafa ritað undir viljayfirlýsingu við Hrafnistu, dótturfyrirtæki Sjómannadagsráðs, um rekstur hjúkrunarheimilisins og verður það sjöunda Hrafnistuheimilið á suðvesturhorni landsins.

**Þjónustumiðstöð og leiguíbúðir**

Sjómannadagsráð mun byggja, eiga og reka fyrirhugaða þjónustumiðstöð sem samtengd verður Hrafnistuheimilinu og þremur nýjum fjölbýlishúsum Naustavarar með 140 íbúðum sem leigðar verða á almennum markaði fyrir eldra fólk.

**Happdrætti DAS**

Frá upphafi hefur happdrættið lagt Sjómannadagsráði til verulega fjármuni í þessu skyni og mun happdrættið gegna lykilhlutverki í fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda við Sléttuveg.

30 milljóna króna vinningar á einn miða í desember og janúar. Drögum á fimmtudag.

**Þinn stuðningur skiptir öllu máli. Tryggðu þér miða í Happdrætti DAS.**

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

# Varar Trump við viðurkenningu Jerúsalem sem höfuðborgar Ísrael



Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands

**TYRKLAND** Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, hótaði í gær að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael ef Bandaríkin viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg ríkisins.

Sendiráð Bandaríkjanna, sem og flestra Vesturlanda, er í Tel Avív. Ísraelar hafa þó frá stofnun Ísraelsríkis álitið Jerúsalem höfuðborg sína.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hringdi í gær í valdamestu þjóðarleiðtoga heims til að ræða málið, að sögn BBC. Fleiri en Erdogan hafa varað við þessu skrefi. Hafa miðlar vestanhafs greint frá því að búist sé við viðurkenningunni í þessari viku.

Með viðurkenningunni yrðu Bandaríkin fyrsta sjálfstæða ríkið til að viðurkenna Jerúsalem sem höfuðborg. Borgin er einn helsti ásteytingarsteinninn í átökum Ísraela og Palestínumanna og er einkum deilt um Austur-Jerúsalem sem Palestínumenn álíta höfuðborg sína þótt stjórnsýsla þeirra sé að mestu leyti staðsett í Ramallah. **– þea**

# Hariri hættir við að hætta



Saad Hariri, forsætisráðherra Líbanons

**LÍBANON** Saad Hariri segir ekki af sér sem forsætisráðherra Líbanons. Frá þessu greindi hann í gær.

Hariri tilkynnti upphaflega um afsögn í ávarpi í Sádi-Arabíu í nóvember. Við heimkomuna til Líbanons fékk Michel Aoun, forseti Hariri, þó til að fresta afsögninni og nú, tveimur vikum seinna, er hún afturkölluð.

Deildar meiningar voru um afsagnarávarp Hariri. Sögðu heimildarmenn stærstu fjölmiðla Vesturlanda líklegt að Sádi-Arabar hefðu þrýst mjög svo á afsögnina og síðan haldið honum nauðugum þar í landi. Undir það tóku Hezbollah-samtökin en Hariri og Sádi-Arabar höfnuðu þessu.

Hariri sagði í gær að ástæða afturköllunarinnar væri sú að allir ríkisstjórnarflokkarnir, meðal annars Hezbollah, hefðu samþykkt að hætta afskiptum af átökum innan annarra arabaríkja, til að mynda borgarastyrjöldunum í Sýrlandi og Jemen.

Hezbollah-samtökin hafa verið sökuð um stuðning við ríkisstjórn Bashars al-Assad í Sýrlandi og uppreisnarmenn í Jemen og þykja á bandi íranskra yfirvalda. Hariri-vængur ríkisstjórnarinnar þykir hins vegar hliðhollur Sádi-Aröbum en þeir eiga í nokkurs konar köldu stríði við Írana. **– þea**

# Ekki hægt að útiloka þjóðarmorð í Mjanmar

**Mannréttindastjóri SÞ útilokar ekki að mjanmarski herinn fremji þjóðarmorð á Róhingjum. Fulltrúi Mjanmar í Mannréttindaráði hafnar því að herinn myrði almenna borgara úr þjóðflokknum. Unnið að heimkomu Róhingja til Rakhine.**



**Barn í Thyangkhali-flóttamannabúðum Róhingja í Bangladess.** NORDICPHOTOS/AFP

**MJANMAR** Ekki er hægt að útiloka að aðgerðir stjórnvalda og hersins í Mjanmar gegn þjóðflokki Róhingja í Rakhine-héraði flokkist sem þjóðarmorð. Þetta staðhæfði Zeid Ra'ad al-Hussein, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, á fundi Mannréttindaráðs SÞ í Genf í gær. Til þessa hefur einungis verið talað um þjóðernishreinsanir.

Rúmlega 600 þúsund Róhingjar hafa flúið frá Rakhine til Bangladess frá því í ágúst þegar herinn hóf aðgerðir sínar gegn þeim. Herinn hefur hins vegar hafnað því að um þjóðernishreinsanir sé að ræða sem og því að ráðist sé á almenna borgara. Einblínt sé á skæruliða.

Stjórnvöld í Mjanmar og Bangladess komust í síðasta mánuði að samkomulagi um að hundruð þúsunda flóttamanna skyldu send til baka til Mjanmar. Hefur þetta samkomulag verið gagnrýnt harðlega.

Zeid sagði á fundi gærdagsins að ekki ætti að senda Róhingja heim aftur nema viðvera mannréttindaeftirlitsmanna væri tryggð í héraðinu. Taldi hann upp ýmis brot sem herinn er sakaður um. Meðal annars um að skjóta, stinga og berja almenna borgara til bana. Þá var herinn sakaður um að varpa handsprengjum á almenna borgara og brenna hús með fjölskyldum innandyra.

„Í ljósi þess að Róhingjar líta á sjálfa sig sem sjálfstæðan þjóðflokk með eigin tungu og menningu, og í ljósi þess að gerandinn í málinu telur Róhingja tilheyra öðrum þjóðflokki, þjóð, kynþætti eða trú, er rétt að spyrja hvort nokkur geti útilokað að um þjóðarmorð sé að ræða,“ sagði Zeid. Dómstólar myndu skera úr um hvort um þjóðarmorð væri að ræða.

Htin Lynn, fulltrúi Mjanmar í ráðinu, neitaði því að fyrrnefnd brot hefðu átt sér stað. Sagði hann jafnframt að yfirvöld í Mjanmar og Bangladess væru að vinna saman að fyrrnefndri heimkomu flóttamannanna. Ekki yrðu settar upp sérstakar búðir í Mjanmar og Sameinuðu þjóðirnar fengju að koma að heimkomunni. Lynn vildi þó ekki samþykkja að tryggja óhindraðan aðgang rannsakenda og eftirlitsmanna.

**thorgnyr@frettabladid.is**







**PEUGEOT HEFUR SLEGIÐ Í GEGN HJÁ ÍSLENDINGUM OG NÚ KYNNUM VIÐ PEUGEOT SENDIBÍLA TIL LEIKS OG BJÓÐUM ÞÁ Á EINSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI. PEUGEOT SENDIBÍLAR ERU BEST BÚNU SENDIBÍLARNIR OG FÁST Í TVEIMUR GERÐUM, EXPERT OG PARTNER.**

**PEUGEOT EXPERT VAN**

• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • Blindpunktsviðvörun • Grip Control spólvörn
• Fæst í þremur lengdum • Flytur allt að 4 m langa hluti • 7" snertiskjár með Bluetooth

**PEUGEOT PARTNER**

• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • 850 kg burðargeta • 3,3 m³ hleðslurými
• Sveigjanlegt flutningsrými • 7" snertiskjár með Bluetooth

KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT SENDIBÍLA

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Nornaveiðar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er afleitt fyrir lýðræðið ef fyrirtæki eða fjársterkir aðilar eiga einhverja hönk upp í bakið á kjörnum fulltrúum vegna fjárhagslegra styrkja í pólitísku starfi. Það eitt að taka við peningunum á pólitískri vegferð sáir efasemdarfræjum um trúverðugleika viðkomandi í augum kjósenda.

Þrátt fyrir það þá tíðkaðist þetta lengi vel í íslenskri pólitík, einkum í tengslum við prófkjör sem geta reynst einstaklingum kostnaðarsöm, og gerir reyndar enn að einhverju leyti en náði líkast til hámarki í aðdraganda efnahagshrunsins. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi þingkona, var einn af þeim fjölmörgu einstaklingum sem varð það á að þiggja slíka styrki vegna kostnaðarsamrar prófkjörsbaráttu og það gerðu fjölmargir flokksfélagar hennar í Samfylkingunni einnig að ógleymdum þeim sem stóðu í prófkjörsbaráttu í Sjálfstæðisflokknum. Ekkert bendir til að Steinunn hafi á einhvern hátt veitt þeim sem styrktu hana í prófkjörinu sérmeðferð á nokkurn hátt í krafti stöðu sinnar.

Engu að síður fór það svo að Steinunn Valdís var tekin fyrir vegna málsins en kollegar hennar ekki og hópur fólks efndi til mótmæla við heimili hennar. Það er glórulaust og nánast óafsakanlegt að virða ekki friðhelgi heimilis einstaklinga og fjölskyldna þeirra með þeim hætti sem Steinunn Valdís og fleiri máttu þola á þessum tíma. Það er auðvitað ekkert að því að mótmæla á opinberum vettvangi en að gera ekki greinarmun á heimili einstaklings, hinu helga vé fjölskyldu og barna, og opinberum starfsvettvangi er hreint út sagt óskiljanlegt.

Slíkum ofsóknum má helst líkja við nornaveiðar fyrri alda þar sem tilgangurinn helgar meðalið svo ekki sé meira sagt. Slíkar aðfarir eru þáttakendum til skammar og þeim sem stóðu hljóðir hjá til lítils sóma. Hvað þá sá ósómi og forheimskandi ræfildómur að fara fram með hótunum og hvatningum til nauðgana eða annars kynferðislegs ofbeldis. Slíkt er einvörðungu stundað af karlmönnum sem beina orðum sínum til kvenna en það er auðvitað engin tilviljun að þessar nornaveiðar samtímans hafi einkum beinst gegn konum rétt eins og nornaveiðar fyrri alda. Allt er þetta birtingarmynd karllægs valds þar sem körlum er óhætt að fara fram gegn konum af ofstæki og með ofríki án þess að eiga það á hættu að vera gerðir ábyrgir orða sinna og gjörða.

Uppgjörið við hrunið færði okkur ekki þá siðbót sem væntingar stóðu til því hugsunarhátturinn breyttist lítið sem ekkert. Þannig er það hins vegar ekki með kvennabyltinguna sem er vonandi búin að höggva sprungur í skjöld feðraveldisins með sögum af veruleika sem við getum verið án. Það er byltingin sem hefur gert Steinunni Valdísi og ótal fleiri konum gerlegt að segja frá ofbeldi, hótunum og ofríki sem þær hafa mátt þola og það er byltingin sem krefur okkur karlmenn um raunverulegar breytingar. Krefur okkur um að hlusta, breyta hegðun okkar og hugarfari og um að standa ekki lengur þegjandi hjá. Krefur okkur um að láta nornaveiðar tilheyra fortíðinni.

> **Þannig er það hins vegar ekki með kvennabyltinguna sem er vonandi búin að höggva sprungur í skjöld feðraveldisins með sögum af veruleika sem við getum verið án.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ekki heimsendir**

**Spár um að fylgið myndi hrynja af Vinstri grænum við myndun ríkisstjórnar með Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum hafa ekki ræst. Að minnsta kosti ekki enn. Könnun Fréttablaðsins sýnir hið gagnstæða og er ljóst að ríkisstjórnin nýtur mikils meðbyrs á sínum fyrstu dögum. 78 prósent aðspurðra styðja stjórnina og hefur engin stjórn frá hruni mælst svo vinsæl. Reyndar er meðbyrinn svo mikill að samkvæmt könnuninni væri Framsóknarflokkurinn ekki lengur nauðsynlegur ef kosið yrði í dag. Samanlagður fjöldi þingmanna Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins væri 36 en það telst ágætis meirihluti.**

**Kannski heimsendir**

**En þótt samstarf við Sjálfstæðisflokkinn sé að skila Vinstri grænum auknu fylgi, að minnsta kosti eins og er, er aðra sögu að segja af Bjartri framtíð. Þrátt fyrir formannsskipti virðist flokkurinn ætla að halda áfram að sigla út að enda veraldar. Fylgið mælist nú einungis hálft prósent og eru vikmörkin 0,47 prósent. Það má því næstum því segja að fylgi þessa fyrrverandi ríkisstjórnarflokks mælist innan skekkjumarka. Ef til vill hafði nýr formaður rétt fyrir sér í viðtali við Fréttablaðið á dögunum þar sem hún sagði að flokkurinn hefði kosið of snemma um stjórnarslit.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Á hliðarlínunni



Ellert B. Schram
formaður Félags eldri borgara í Reykjavík

Ný ríkisstjórn hefur verið skipuð. Við óskum henni góðs gengis, þótt stjórnarsáttmálinn varðandi málefni eldri borgara sé rýr, miðað við kosningaloforðin. Jú, frítekjumarkinu er breytt, fólk getur aflað sér viðbótartekna upp í 100 þúsund krónur mánaðarlega, án þess að sú upphæð sé dregin frá greiðslum frá almannatryggingum. Ég leyfi mér að fullyrða að sú breyting náðist fram fyrir baráttu og málflutning samtaka eldri borgara landsins. Það er spor í rétta átt og svo er tekið fram í stjórnarsáttmálanum að „kerfið“ verði endurskoðað. Gott og vel, vonandi tekur það ekki tíu ár (eins og síðast) að leggja fram breytingar á mannréttindum og lífskjörum þeirra, sem sitja við „bætur“, sem eru (vel) illa undir framfærslumörkum.

Staðreyndin er sú, að enn er langt í land hvað elstu borgarana varðar. Málflutningi og kröfum eldri borgara um margvíslegar leiðréttingar hefur því miður ekki verið sinnt sem skyldi. Jú, ýjað er að því að leggja eigi meiri peninga í hjúkrunarrými í þágu eldri borgara til að efla þjónustu og bæta lífsskilyrði aldraðra. Veita afslátt, lækka verð á meðölum, hjúkrun og almennri þjónustu. Vonandi er þetta ekki sýnd veiði en ekki gefin, eins og svo oft áður.

Við megum ekki gleyma þeirri staðreynd að meðalaldur hækkar, fleiri og fleiri eldast og spár um hækkandi aldur komandi kynslóða blasa við. Með öðrum orðum, við erum ekki einvörðungu að tala um gamla fólkið í dag, heldur líka á morgun og á komandi árum. Það er skylda stjórnmálanna og ríkisvaldsins að hlynna að fólkinu, sem náð hefur og nær háum aldri. Núlifandi og komandi kynslóðum. Þetta viðfangsefni snýst ekki eingöngu um mína jafnaldra, heldur framtíðina að auki.

Ég óska nýrri ríkisstjórn farsældar og skora á fulltrúa hennar, að hlusta á og virða af alvöru, samtök, talsmenn og aldraða sjálfa, þegar kemur að þjónustu og lífskjörum eldri borgara. Þeir eiga það skilið, þeir eiga það inni. Við sitjum að vísu á hliðarlínunni, en við eigum málstað og réttlæti, sem á erindi við þá sem ráða. Tökum nú höndum saman, þið á vellinum, við á hliðarlínunni.

> **Staðreyndin er sú, að enn er langt í land hvað elstu borgarana varðar.**

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þjónusta Stígamóta við fatlað fólk



**Guðrún Jónsdóttir**
talskona Stígamóta

Þann 23. nóvember sl. birtist í Fréttablaðinu grein eftir fyrrverandi starfskonu Stígamóta og formann Átaks, félags fólks með þroskahömlun. Þau virðast álíta að sérhæfð þjónusta fyrir fatlað fólk hafi verið einstök á meðan starfskonan fyrrverandi gegndi starfinu, en að hún sé lítil sem engin núna. Enn fremur er látið að því liggja að hjá okkur starfi jafnvel of margt fólk, að við höfum hafnað hæfasta starfskraftinum sem sótti um starf hjá okkur og að rétt sé að við skilum því fjármagni sem okkur hefur verið veitt til þess að sinna fötluðu fólki.

Í greininni er dregin upp skekkt mynd af þjónustu Stígamóta og því nauðsynlegt að koma eftirfarandi á framfæri:

Höfundar greinarinnar gefa til kynna að starfsfólk Stígamóta sé jafnvel of margt og bera það saman við lítinn fjölda starfsmanna í Barnahúsi og hjá lögreglu. Því skal á það bent að á síðasta ári þjónustuðu Stígamót 654 einstaklinga í 2.249 viðtölum. Biðlistar voru langir og að auki fór fram umfangsmikil fræðslustarfsemi. Draumur okkar er að sjálfsögðu að allir þeir aðilar sem vinna gegn kynferðisofbeldi hafi til þess nauðsynlegt fjármagn og mannafla.

> **Stígamót hafa skilgreint það sem forgangsverkefni að ná til þeirra sem ekki vita um þjónustu okkar og fræða almenning, fagfólk og fólk með skerðingar um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og hvað sé til ráða.**

**Þjónustan óbreytt**

Á Stígamótum hefur frá upphafi verið veitt þjónusta án aðgreiningar og því hafa jafnt konur sem karlar, fatlaðir sem ófatlaðir, erlendir jafnt sem íslenskir einstaklingar getað leitað til okkar. Á árinu 2016 leituðu 338 einstaklingar til Stígamóta í fyrsta skipti. Af þeim voru 109 sem sögðust hafa einhverja af eftirtöldum skerðingum: þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu, sjónskerðingu, geðsjúkdóm, einhverfu, heyrnarskerðingu og/eða aðra skerðingu. Þetta er um þriðjungur af okkar fólki, svo ekki verður sagt að fatlað fólk nýti ekki þjónustuna. Það er athyglisvert þegar tölfræðin er skoðuð að aðeins sautján úr þessum hópi voru í ráðgjöf hjá starfskonunni fyrrverandi en megnið af hópnum var í viðtölum hjá öðrum ráðgjöfum. Fræðsluhlutverk hennar við fatlað fólk á sama ári fólst í fimm fyrirlestrum um fatlanir og ofbeldi. Sambærilegum hlutverkum sinnir annað starfsfólk Stígamóta iðulega. Þjónusta við fatlað fólk á Stígamótum er og hefur verið umtalsverð. Til að mynda buðum við erlendum sérfræðingum til Íslands í haust sem héldu vandað dagsnámskeið fyrir áttatíu manns um ofbeldi gegn fötluðu fólki og við eigum mikið af góðu fræðsluefni sem sömu sérfræðingar gáfu okkur leyfi til þess að þýða.

**Framhald vitundarvakningar**

Fullyrt er í greininni að við höfum gengið framhjá hæfasta umsækjandanum til þess að sinna þróunarverkefni um málefni fatlaðs fólks. Fullyrðingu greinarhöfunda verður að skoða í því ljósi að þau hafa ekki yfirsýn yfir umsækjendur um stöðuna. Að auki má nefna að það er ekki sjálfsagðara að fötluð manneskja sé sjálfkrafa hæfust, en að álíta að fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi sé sjálfkrafa bestu sérfræðingarnir í að veita öðrum ráðgjöf. Ætla verður að greinarhöfundar vísi hér til fatlaðs umsækjanda sem sótti um starfið og skal því áréttað að ef ráðið hefði verið í starfið og um sambærilega hæfni hefði verið að ræða, hefði fötluð manneskja að sjálfsögðu verið ráðin.

Stígamót hafa skilgreint það sem forgangsverkefni að ná til þeirra sem ekki vita um þjónustu okkar og fræða almenning, fagfólk og fólk með skerðingar um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og hvað sé til ráða. Eftir að hafa skoðað hvernig kraftar sérhæfðs starfsmanns nýttust í starfinu á Stígamótum, töldum við betra að láta reyna á samstarf við samtök fatlaðs fólks við vitundarvakninguna. Þess vegna var sex stórum samtökum fatlaðs fólks boðið til samráðs um verkefnið. Samtökin kunna mikið um hvers konar fatlanir og við ýmislegt um ofbeldi. Hugmynd okkar var að í sameiningu gætum við lyft grettistaki og var því vel tekið. Á fyrsta fundi stungum við upp á að við myndum gefa út átta síðna aukablað með Fréttablaðinu um ofbeldi gegn fötluðu fólki til að vekja almenning til vitundar um vandann. Blaðið yrði greitt fyrir fjármagn Stígamóta til málaflokksins og dreift í 85.000 eintökum.

Verkefnin eru endalaus. Þau krefjast samvinnu og trausts milli samstarfsaðila sem nauðsynlegt er að efla. Samráðið hefur ekki verið slegið af og við viljum glöð vinna með öllum þeim sem vilja vinna með okkur að tryggari tilveru fatlaðs sem ófatlaðs fólks.



## Búnar að vinna fyrstu þrjá leikina með 12,7 mörkum að meðaltali



**Frábær byrjun hjá Þóri og stelpunum** Norska kvennalandsliðið er að spila frábæran handbolta undir stjórn Þóris Hergeirssonar á HM í Þýskalandi. Norska liðið vann fimmtán marka sigur á Póllandi í gær, 35-20, og hefur þar með unnið þrjá fyrstu leiki sína með samtals 38 mörkum eða 12,7 mörkum að meðaltali. Noregur er eitt þriggja liða með fullt hús eftir þrjá leiki en hin eru Rússland og Rúmenía. NORDICPHOTOS/GETTY









# Allt undir hjá Liverpool

**Það verður rafmagnað andrúmsloftið á Anfield í kvöld er Liverpool tekur á móti Spartak. Enska liðið getur bæði unnið riðilinn og fallið úr keppni.**

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Liverpool þurfa að standa þétt við bakið á sínu liði í kvöld enda er ansi mikið undir hjá félaginu er Spartak frá Moskvu kemur í heimsókn. Þetta er lokaleikur liðanna í riðlakeppninni.

Liverpool er í efsta sæti E-riðils með 9 stig fyrir leikinn. Sevilla er í öðru sæti með 8 stig og Spartak er svo í því þriðja með 6 stig. Liverpool dugar jafntefli til þess að komast áfram í sextán liða úrslit og vinnur riðilinn með sigri. Tapist leikurinn aftur á móti þá er liðið í vondum málum.

### Liverpool má ekki tapa

Liverpool og Spartak verða þá bæði með 9 stig en Spartak verður fyrir ofan í töflunni þar sem fyrri leikur liðanna fór 1-1. Sevilla mun að öllum líkindum klára Maribor og þá er Liverpool í þriðja sæti og fer í Evrópudeildina. Ef Sevilla gerir jafntefli og öll liðin enda með 9 stig verður Liverpool einnig í þriðja sæti. Það má því ekkert klikka.

### Þakklátur fyrir tækifærið

„Þetta er mjög mikilvægur leikur fyrir okkur. Ég vil ekki gera of mikið úr þessu en leikurinn er mjög stór. Það er mikil spenna og óvissa í gangi. Auðvitað mikil tækifæri líka og ég er þakklátur fyrir þetta tækifæri," sagði Jürgen Klopp, stjóri Liverpool, en það verður enginn Adam Lallana í liði Liverpool í kvöld en stjórinn er að fara sparlega með hann þar sem hann er að ná sér í gang eftir meiðsli.

Liverpool hefur ekki tapað leik í riðlakeppninni og mætir til leiks í fínu formi enda ekki tapað í síðustu átta leikjum sínum.



Klopp var yfirvegaður og hress á fundinum í gær. fréttablaðið/getty

> Ég veit að margir segja að við ættum að vera komnir áfram en þannig virkar ekki lífið. Spartak gæti sagt það sama eftir að hafa tapað stigum gegn Maribor.
>
> Jürgen Klopp

### Þannig virkar ekki lífið

„Góðir og slæmir hlutir hafa gerst í riðlakeppninni en þó aðallega góðir. Ég veit að margir segja að við ættum þegar að vera komnir áfram en þannig virkar ekki lífið. Spartak gæti sagt það sama eftir að hafa tapað stigum gegn Maribor. Bæði lið eru sterkari en þau voru er við mættum þeim síðast og þetta ætti því að vera spennandi leikur."

henry@frettabladid.is

## Nýjast

### Meistaradeild Evrópu

**A-riðill:**
**Man. Utd - CSKA 2-1**
0-1 Alan Dzagoev (45.), 1-1 Romelu Lukaku (64.), 2-1 Marcus Rashford (66.).

**Benfica - Basel 0-2**
0-1 Mohamed Elyounoussi (5.), 0-2 Dimitri Oberlin (65.)

***Lokastaðan:** Man. Utd 15, Basel 12, CSKA Moskva 9, Benfica 0.*

**B-riðill:**
**Celtic - Anderlecht 0-1**
0-1 Sjálfsmark Jozo Simunovic (62.)

**Bayern - PSG 3-1**
1-0 Robert Lewandowski (8.), 2-0 Corentin Tolisso (37.), 2-1 Kylian Mbappe (50.), 3-1 Corentin Tolisso (69.).

***Lokastaðan:** PSG 15, Bayern 15, Celtic 3, Anderlecht 3.*

**C-riðill:**
**Roma - Qarabag 1-0**
1-0 Diego Perotti (53.)

**Chelsea - Atletico 1-1**
0-1 Saul Niguez (56.), 1-1 Sjálfsmark Stefan Savic (75.)

***Lokastaðan:** Roma 11, Chelsea 11, Atletico 7, Qarabag 2.*

**D-riðill:**
**Olympiacos - Juventus 0-2**
0-1 Juan Cuadrado (15.), 0-2 Federico Bernardeschi (90.)

**Barcelona - Sporting 2-0**
1-0 Paco Alcacer (59.), 2-0 Sjálfsmark Jérémy Mathieu (90.)

***Lokastaðan:** Barcelona 14, Juventus 11, Sporting 7, Olympiacos 1.*

*Tvö efstu liðin fara í sextán liða úrslitin en liðið í þriðja sætinu fer í Evrópudeildina.*

### BLIKAR MEÐ TVO NÝLIÐA Í KVENNALANDSLIÐINU

Nýliðar Breiðabliks hafa staðið sig frábærlega í Domino's deild kvenna í körfubolta vetur og nú hafa tveir leikmenn liðsins verið valið í landsliðið í fyrsta sinn.

Íslenska kvennalandsliðið mun halda til Lúxemborgar milli jóla og nýárs í boði körfuknattleikssambandsins þar í landi sem sem stendur fyrir æfingamóti dagana 27. til 29. desember. Á mótinu leika heimastúlkur frá Lúxemborg ásamt 20 ára liði Hollands.

Nýliðarnir í landsliðinu eru þær Isabella Ósk Sigurðardóttir (hér á myndinni) og Sóllilja Bjarnadóttir.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 09.30 | Dubai Masters | Golfstöðin |
| 19.05 | Stjarnan - Snæfell | Sport 6 |
| 19.15 | Meistaramessan | Sport |
| 19.40 | Liverpool-Spartak | Sport 2 |
| 19.40 | Tottenham-Apoel | Sport 3 |
| 19.40 | Shaktar-Man. City | Sport 4 |
| 19.40 | Real - Dortmund | Sport 5 |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |

**Dominos-deild kvenna**
**19.15** Njarðvík - Valur
**19.15** Skallagrímur - Keflavík
**19.15** Stjarnan - Snæfell

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. desember 2017 | 45. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









## Vill fá íslenskan iðnað á hærri stall

**Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, skorar á stjórnvöld að taka þátt í frekari uppbyggingu íslensks iðnaðar. Breyta þurfi viðhorfum gagnvart innkaupum ríkisins, iðnmenntun og bæta samkeppnisstöðuna.** » 6, 7

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




»2

### Móðurfélag 10-11 að kaupa 51% í Eldum rétt

Eignarhaldsfélagið Basko er að ganga frá kaupum á meirihluta í fyrirtækinu Eldum rétt. Velta fyrirtækisins meira en fjórfaldaðist í fyrra og var um 570 milljónir króna.

»4

### Kaldi sker sig frá hinum örbrugghúsunum

Þrjú af sex rótgrónum örbrugghúsum landsins hafa aldrei verið rekin með hagnaði. Elsta brugghúsið, Bruggsmiðjan Kaldi á Árskógssandi, er einnig það arðbærasta.

»10

### Vinnustaður er námsstaður

„Ekki er langt síðan mikilvægasta hæfnin tengdist grunnþörfum, s.s. matvælavinnslu og klæðagerð, en nú og í framtíðinni er þekking á ýmiss konar hugbúnaði mikilvægust," segir í aðsendri grein Kristínar Þóru Harðardóttur, lögmanns SA.




# Björgólfur hluthafi nýs verktakafyrirtækis sem reisir hús í Vatnsmýrinni

Framkvæmdafélagið Arnarhvoll ehf., sem er nýtt verktakafyrirtæki og er meðal annars í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar fjárfestis, hefur undirritað samning um byggingu Grósku, nýs hugmyndahúss á svæði Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni.

„Samningurinn um Grósku er fyrsti samningurinn sem við undirritum og bygging Grósku fyrsta stóra verkefnið sem við tökum að okkur. Það er ánægjulegt að hugsa til þess að það skuli vera uppbygging hugmyndahúss á Vísindagörðum Háskólans og jafnframt höfuðstöðvar CCP,“ segir Karl Þráinsson, forstjóri Arnarhvols. Húsið verður fullbúið 17.500 fermetrar að stærð en fyrsta skóflustungan að nýbyggingunni var tekin í febrúar á þessu ári.

Karl starfaði áður sem forstjóri Íslenskra aðalverktaka en hætti þar störfum í ársbyrjun 2016 og tók sér þá stöðu stjórnarformanns hjá fyrirtækinu. Hann segir að Arnarhvoll, sem hóf starfsemi um mitt þetta ár, muni í framhaldinu huga að öðrum stórum verkefnum víða um land og ætli sér að vera „leiðandi á verktakamarkaði í framtíðinni“.

Auk Björgólfs Thors er félagið í eigu fagfjárfestasjóðsins GAMMA:Construo, Andra Sveinssonar, Árna Geirs Magnússonar, Birgis Más Ragnarssonar og Karls. Andri og Birgir Már, sem hafa verið samstarfsmenn og viðskiptafélagar Björgólfs um árabil, hafa á síðustu misserum meðal annars komið að fjármögnun kísilmálmverksmiðjunnar Thorsil og kaupum á eignum á Suðurnesjum í gegnum félagið BK eignir sem síðar var keypt af Almenna leigufélaginu, sem er í eigu sjóðs í stýringu GAMMA. Björgólfur Thor er í dag stór hluthafi í tölvuleikjaframleiðandanum CCP og fjarskiptafyrirtækinu Nova.

Áætlað er að hið nýja hugmyndahús verði tekið í notkun 2019. Húsið skiptist í margar einingar þar sem nýsköpunar- og frumkvöðlafyrirtækjum gefst kostur á að leigja aðstöðu. Þá er einnig gert ráð fyrir verslunum, kaffihúsi og annarri þjónustu á jarðhæð auk ráðstefnusalar. – **hae**



**Björgólfur Thor Björgólfsson.**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang visir.is










**Eldum rétt tekur saman hráefni í þrjár máltíðir á viku sem viðskiptavinir þess elda svo heima hjá sér.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eigendur 10-11 kaupa meirihluta í Eldum rétt

**Eignarhaldsfélagið Basko er að ganga frá kaupum á 51 prósents hlut í Eldum rétt. Kaupin eru með fyrirvara um áreiðanleikakönnun. Velta fyrirtækisins meira en fjórfaldaðist í fyrra og var um 570 milljónir. EBITDA-hagnaður var 104 milljónir.**

Eignarhaldsfélagið Basko, sem á og rekur meðal annars 10-11 verslanirnar, er að ganga frá kaupum á meirihluta í fyrirtækinu Eldum rétt. Hafa eigendur Eldum rétt samþykkt tilboð í 51 prósents hlut í félaginu en kaupin eru gerð með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Frá því að Eldum rétt var stofnað í ársbyrjun 2014 hefur velta félagsins stóraukist og í fyrra nam hún nærri 600 milljónum króna. Stofnendur og eigendur fyrirtækisins eru þeir Valur Hermannsson og Kristófer Júlíus Leifsson, mágur hans, en Eldum rétt sér um að taka saman hráefni í þrjár máltíðir á viku sem viðskiptavinir þess elda svo heima hjá sér.

Stærsti hluthafi Basko er framtakssjóðurinn Horn III, sem er í rekstri Landsbréfa, með 80 prósenta hlut en Árni Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, á samanlagt um 18 prósenta hlut. Hermann Már Þórisson, framkvæmdastjóri Horns III, vildi í samtali við Markaðinn ekkert tjá sig um kaupin á Eldum rétt. Árni Pétur gat ekki tjáð sig um málið þegar náðist í hann.

Vinsældir Eldum réttum hafa farið sívaxandi á undanförnum misserum en á árinu 2016 námu tekjur fyrirtækisins samtals tæplega 570 milljónum og meira en fjórfölduðust frá fyrra ári. Þá nam hagnaður félagsins um 78 milljónum eftir skatt borið saman við aðeins 9 milljóna króna hagnað á árinu 2015. Hagnaður Eldum rétt fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var um 104 milljónir í fyrra. Í upphafi þessa árs störfuðu samtals 35 manns í dagvinnu hjá fyrirtækinu. Ekki hafa fengist upplýsingar um áætlaða afkomu fyrirtækisins á þessu ári en fastlega má gera ráð fyrir því að veltan hafi aukist enn frekar.

Auk þess að vera eigandi rekstrarfélags Tíu ellefu hf. á Basko félög sem reka meðal annars verslanir undir merkjum Iceland, kaffihús Dunkin Donuts og hamborgarastaðinn Bad Boys Burgers & Grill. Framtakssjóðurinn keypti 80 prósenta hlut í Basko sumarið 2016 og nam kaupverðið rúmlega 1,5 milljörðum. Í árslok 2016 var virði Basko metið á 1,9 milljarða í bókum félagsins. Var þetta fyrsta fjárfesting Horns III en á þessu ári hefur sjóðurinn staðið að kaupum á Hagvögnum og Hópbílum og einnig helmingshlut í Líflandi.

Í maí á þessu ári var tilkynnt um þau áform Skeljungs að kaupa allt hlutafé Basko fyrir um 2,2 milljarða króna. Ekkert varð hins vegar af þeim kaupum þegar stjórn Skeljungs ákvað um miðjan júlí síðastliðinn að slíta þeim viðræðum.

Tekjur Basko-samstæðunnar námu 10.038 milljónum á rekstrarárinu sem lauk í febrúar og jukust um tæplega 500 milljónir frá fyrra rekstrarári. Hagnaður eftir skatta var 53 milljónir borið saman við 13 milljóna hagnað árið áður. Þá meira en tvöfaldaðist EBITDA-hagnaður félagsins og nam samtals 309 milljónum.

**hordur@frettabladid.is**

**104**

**milljónir króna var EBITDA-hagnaður Eldum rétt í fyrra borið saman við 12 milljónir árið áður.**



**Árni Pétur Jónsson er framkvæmdastjóri Basko og næststærsti hluthafi félagsins með 18 prósenta hlut.**

# Eiríkur Vignisson kaupir í Kviku

Eiríkur Vignisson, framkvæmdastjóri Vignis G. Jónssonar, dótturfélags HB Granda, hefur eignast tæplega 1,4 prósenta hlut í Kviku banka. Eftir kaupin er Eiríkur fjórtándi stærsti hluthafi bankans en eignarhlutur hans er í gegnum safnreikning hjá Virðingu.

Eignarhaldsfélagið VGJ, sem er að 90 prósenta hluta í eigu Eiríks, er á meðal stærstu hluthafa sjávarútvegsfyrirtækisins HB Granda með 4,46 prósenta eignarhlut. Hagnaður VGJ í fyrra var rúmlega 144 milljónir og nam eigið fé þess um 4,7 milljörðum króna.

Eiríkur keypti hlutinn í Kviku af Robert Raich, kanadískum fjárfesti og lögfræðingi, en hann hefur selt öll bréf sín í bankanum. Félag Roberts, MP Canada Iceland Ventures Inc., átti fyrir söluna 2,42 prósenta hlut í Kviku en hann var í hópi fjárfesta, sem var leiddur af Skúla Mogensen, sem stóðu að hlutfjáraukningu MP banka árið 2011. MP banki sameinaðist fjórum árum síðar Straumi fjárfestingarbanka undir nafni Kviku. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bréf í Kviku verið að ganga kaupum og sölum að undanförnu á genginu 6,3 krónur á hlut. Því má áætla að félag Roberts hafi fengið samtals um 215 milljónir fyrir hlut sinn í bankanum.

Gríðarmikil viðskipti hafa verið með bréf í Kviku á síðustu mánuðum og misserum. Meðal nýrra hluthafa í bankanum eru Sigurður Sigurgeirsson, fjárfestir og fyrrverandi byggingaverktaki, hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, eigendur Johan Rönning, Gunnar Sverrir Harðarson og Þórarinn Arnar Sævarsson, eigendur RE/MAX á Íslandi, Vilhjálmur Þorsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi gjaldkeri Samfylkingarinnar, og Lífsverk lífeyrissjóður. - **hae**



**Eiríkur Vignisson er á meðal stærstu hluthafa í HB Granda.**

BOSS HUGO BOSS

SAND

POLO RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI collezione

MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)




**Treflar**
verð áður kr. 5.980
Jólatilboð kr. 3.588

**Leðurhanskar**
verð áður kr. 9.980
Jólatilboð kr. 5.988

# Kaldi sker sig frá hinum bruggurunum

**Þrjú af sex rótgrónu örbrugghúsum landsins hafa aldrei verið rekin með hagnaði. Elsta brugghúsið, eða Bruggsmiðjan Kaldi á Árskógssandi, er einnig það arðbærasta. Mörg fyrirtækin eiga sér athyglisverða rekstrarsögu og voru langflest stofnuð á árunum eftir hrun.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



Bjórum frá íslenskum örbrugghúsum hér á landi hefur fjölgað síðustu ár og hafa þeir aldrei verið fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helmingur rótgrónu íslensku örbrugghúsanna er rekinn með tapi og hafa sum þeirra aldrei skilað jákvæðri afkomu. Öll brugghúsin sex eiga þó sameiginlegt að hafa sprottið upp á árunum eftir hrun fyrir utan Bruggsmiðjuna Kalda á Árskógssandi sem sker sig einnig úr í afkomu.

Bruggsmiðjan var stofnuð í desember 2005 og er að stærstum hluta í eigu Birgis Inga Guðmundssonar og hjónanna Agnesar Önnu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Kalda, og Ólafs Þrastar Ólafssonar. Agnes Anna sagði í samtali við Markaðinn í júní síðastliðnum að brugghúsið væri sprungið. Stærð þess kæmi í veg fyrir að hægt væri að framleiða meira en tekjur Kalda í fyrra jukust um 11,4 prósent milli ára og námu 436 milljónum. Fyrirtækið var þá rekið með 45 milljóna hagnaði samanborið við 27 milljónir árið 2015.

### Fækkaði flöskubjórum

Örbrugghús Gæðings hefur verið rekið á bænum Útvík í Skagafirði síðan 2011. Vörusala fyrirtækisins í fyrra nam 53 milljónum og jókst um átta milljónir milli ára. Brugghúsið tapaði 2,3 milljónum í fyrra samanborið við 12,7 milljónir árið 2015. Rekstrartapið fyrir fjármunatekjur og gjöld lækkaði þá aftur á móti úr 11,6 milljónum í 734 þúsund. Eignir Gæðings voru þá metnar á 30,5 milljónir en skuldirnar námu 63 milljónum.

Árni Hafstað, eigandi Gæðings, dró í byrjun árs úr framleiðslu fyrirtækisins og kynnti að hann myndi einblína á sölu á bjórkútum fyrir veitingastaði og ölstofur en hann á Microbar í Reykjavík og á Sauðárkróki. Í dag eru tveir bjórar frá Gæðingi fáanlegir í Vínbúðum ÁTVR en áður mátti þar finna sex tegundir auk árstíðabundinna vara.

Ölvisholt í Flóahreppi framleiðir bjór á borð við Skjálfta, Lava og Freyju og seldi vörur fyrir 74 milljónir í fyrra. Það ár skilaði félagið Ölvisholt ehf. rekstrarhagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði upp á 508 þúsund krónur. Tap ársins nam aftur á móti 6,6 milljónum króna. Brugghúsið er nú rekið á sinni þriðju kennitölu frá stofnun árið 2009 og er eigendasaga þess nokkuð löng. Stjórnarformaðurinn Jörundur Jörundsson fór í febrúar í fyrra fyrir kaupendahópi sem eignaðist fyrirtækið og færði reksturinn yfir á Ölvisholt ehf. Fyrrverandi eigendur þess, þeirra stærstur heildverslunin Karl K. Karlsson, eru enn hluthafar í félaginu ÖB Brugghús ehf. sem keypti reksturinn, bruggtækin og önnur tól, árið 2011 eftir að Ölvisholt Brugghús ehf. fór í þrot.

**Afkomutölur 2016**

**Kaldi**
45 milljóna hagnaður

**Ölvisholt**
6,6 milljóna tap

**Gæðingur**
2,3 milljóna tap

**Steðji**
10,5 milljóna tap

**Einstök**
5,4 milljóna hagnaður




ÖB brugghús skilaði síðast ársreikningi fyrir 2014 og var eigið fé þess þá neikvætt um 15 milljónir króna. Einkahlutafélagið Eldborg ehf. keypti aftur á móti 83,3 prósenta hlut í brugghúsinu í árslok 2014 í hlutafjáraukningu sem ráðist var í vegna taprekstrurs bjórframleiðandans. Félag í eigu Byggðastofnunar, þrettán sveitarfélaga og tveggja lífeyrissjóða, hafði þá verið í hluthafahópi Ölvisholts.

### Tap ár eftir ár

Tveir bjórar úr vöruúrvali Steðja í Borgarfirði hafa vakið heimsathygli enda innihalda þeir annars vegar þara og hins vegar hvalamjöl eða taðreykt hvalaeistu. Eigandinn Dagbjartur Arilíusson hefur í viðtölum í erlendum fjölmiðlum þurft að svara gagnrýni dýraverndunarsinna og sagðist í fyrra íhuga kaup á Ölgerðinni. Hann stofnaði Steðja haustið 2012 en það er rekið á samnefndum bæ í Borgarfirði.

Brugghús Steðja ehf. hefur líkt og Ölvisholt og Gæðingur aldrei skilað hagnaði á ársgrundvelli. Það skilaði 10,5 milljóna króna tapi í fyrra samanborið við neikvæða afkomu upp á 20,5 milljónir árið 2015. Tekjur fyrirtækisins námu 19,9 milljónum og drógust saman um rétt rúmar þrjár milljónir milli ára. Það skuldaði í árslok 2016 alls 68,5 milljónir en eignirnar voru þá metnar á fjórtán milljónir.

Bjórar annarra tveggja rótgróinna örbrugghúsa eru í dag bruggaðir hjá stóru áfengisframleiðendunum tveimur. Einstök framleiðir sína bjóra hjá Vífilfelli á Akureyri og Borg brugghús er innan vébanda Ölgerðarinnar. Það þýðir þó ekki að örbrugghúsin séu þar með upptalin því fjöldi minni örbrugghúsa bruggar fyrir ÁTVR eða einstaka veitingastaði og smærri hópa. Þau eiga sér aftur á móti ekki jafn langa rekstrarsögu.

Rekstrartekjur Einstakrar Ölgerðar ehf. námu 46 milljónum í fyrra og hagnaður ársins alls 5,4 milljónum. Bjórar fyrirtækisins eru fáanlegir hér á landi en eigendur þess, Bandaríkjamennirnir David Altshuler og Jack Sichterman, hafa lagt mikla áherslu á útflutning til heimalands síns. Tekjur félagsins endurspegla augljóslega ekki heildarsölu þess og ná að öllum líkindum einungis til innlendrar sölu.

Borg Brugghús hefur framleitt handverksbjóra síðan 2010. Rekstur þess var þangað til í mars síðastliðnum undir kennitölu Ölgerðarinnar og upplýsingar um afkomu félagsins í fyrra því ekki aðgengilegar. Einkahlutafélagið Borg brugghús var aftur á móti stofnað í mars á þessu ári.

FRAMTÍÐARLAUSN Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar.)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ

## Fjárfestum ráðlagt að halda bréfum í Högum

Ráðgjafarfyrirtækið IFS greining spáir því að draga muni umtalsvert úr verslun hjá Costco og sala hjá fyrirtækjum Haga að sama skapi aukast. Líklegt sé að Hagar hafi tekið á sig mesta höggið vegna aukinnar samkeppni og ráðleggja starfsmenn IFS fjárfestum að halda bréfum sínum í félaginu.

Þetta kemur fram í virðismati IFS á Högum sem fyrirtækið sendi frá sér um miðja síðustu viku. Þar segir að þeir meginþættir sem hafi verið að „hrekkja Haga síðastliðna mánuði muni snúa til betri vegar með tímanum“.

„Sumir vöruflokkar hafa vissulega lækkað um tugi prósenta í verði – en það er undantekning fremur en reglan og hefur vöruverð einnig hækkað þar [í Costco ] að undanförnu. Samhliða því hefur Bónus komið út sem ódýrasta verslunin þrjár kannanir í röð sem Hagar gætu gert meira úr að okkar mati,“ segir í virðismati IFS.


Hagar gáfu út tvær neikvæðar afkomuviðvaranir þegar uppgjör júní og júlí lágu fyrir. Fyrirtækið rekur Bónus, Hagkaup og fleiri verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Costco er aðeins með eina verslun á meðan Hagar eru með vel staðsettar verslanir á höfuðborgarsvæðinu og í helstu þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni og helstu leiðum út úr Reykjavík.“

Í verðmatinu segir einnig að ef kaup Haga á Olís gangi í gegn megi reikna með að virði Haga á hlut verði um 45 krónur.

Gengi bréfa verslunarfyrirtækisins á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands nam 37 krónum á hlut við lokun markaða í gær. – hg



JÓLAGJAFIR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK
GRUB'S
VICTORINOX
SWISS ARMY
COAST
LIGHTS • KNIVES • MULTI-TOOLS
LÍFSTÍÐAR ÁBYRGÐ
ORTLIEB
WATERPROOF
LED lyklakippuljós
kr. 990,-
Fjölnotatól m/LED ljósi
kr. 7.900,-
Fjölnotatól m/ hníf
og 2x LED ljósum
kr. 8.900,-
Ghost II
kr. 3.400,-
Tactical Liner
kr. 3.400,-
DX190 Dúkahnífur
kr. 5.700,-
HL3 LED höfuðljós
kr. 4.700,-
HL5 LED höfuðljós
kr. 5.600,-
HL27 LED höfuðljós
kr. 9.900,-
HL8 LED höfuðljós
kr. 16.900,-
FL30 LED höfuðljós
kr. 7.900,-
HP7 LED vasaljós
kr. 11.900,-
Escort
kr. 2.200,-
Classic m/ísl. fána
kr. 4.300,-
Trawler
kr. 3.200,-
Bantam
kr. 2.900,-
Waiter m/ísl. fána
kr. 4.400,-
Tourist
kr. 4.500,-
Vatnsheld Ipadhlíf
kr. 12.990,-
Spartan Camo
kr. 5.500,-
Sentinel
kr. 5.900,-
Camper
kr. 5.500,-
Climber
kr. 6.900,-
Fisherman
kr. 8.500,-
Rescue Tool
kr. 19.800,-
Vatnsheld símahlíf
kr. 5.900,-
Back Roller City
Hjólatöskur
kr. 15.900,-
Back Roller Classic
Hjólatöskur
kr. 20.900,-
Back Roller Urban
Hjólataska
kr. 12.500,-
Ultimate 6
Stýristaska
kr. 14.600,-
Messenger
Bakpoki
kr. 20.900,-
Velocity
Bakpoki
kr. 18.900,-
Rack Pack 31 lítra
Ferðataska
kr. 13.700,-
Margar gerðir og
stærðir af sjópokum
frá kr. 2.600 til 12.900,-
Hip Pack 3 lítra
Mittistaska
kr. 16.900,-
Sjúkrapoki 3
kr. 10.900,-
Supersport 8.5
kuldastígvél
kr. 21.900,-
Supersport 12.5
kuldastígvél
kr. 23.900,-
Puddle barnastígvél
kr. 6.900,-
FJALLI.IS
Bæjarlind 6, 201 Kópavogur - s.578-5050
Meira vöruúrval og ýtarlegri upplýsingar á www.fjalli.is



Sigurður Hannesson tók við starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins um mitt síðasta sumar. Samtökin halda framleiðsluþing í Hörpu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill fjölga sendiherrum íslensks iðnaðar

**Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins skorar á stjórnvöld að einfalda stjórnsýslu byggingamála í landinu. Furðar sig á því af hverju ekki er keypt meira af íslenskri hönnun í opinberar byggingar. Samkeppnisstaðan hefur oft verið betri og koma Costco hefur áhrif.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Ef við tækjum tíu prósent af innflutningi og keyptum í staðinn innlendar vörur eða framleiddum þær hér yrðu til 1.600 bein og óbein störf. Veltan næmi 40 milljörðum króna. Áhrif á greiðslujöfnuð væri um eitt prósent og við værum þannig að spara gjaldeyri. Þetta sýnir það hvernig við getum haft heilmikil áhrif með vali,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (SI), og bætir við að hið opinbera þurfi að fara fram með góðu fordæmi og versla í auknum mæli við innlenda framleiðendur.

„Það sem er áhugavert í þessu er að samkvæmt lögum skal verja um einu prósenti af kostnaði við nýbyggingar á vegum ríkisins til kaupa á listaverkum. Þegar kemur að öðrum þáttum, eins og húsgögnum, innanstokksmunum og annarri hönnun, þá eru engar slíkar kröfur. Ef við skoðum stóru myndina, þá koma 45 af hverjum 100 krónum sem eytt er í hagkerfinu frá hinu opinbera. Það hefur því mikið að segja um hvernig samfélagið þróast og hvort hér verði til sprotar sem vaxi úr grasi. Þarna hafa Danir náð talsverðum árangri. Þess vegna er skrýtið að sjá opinberar byggingar hér eins og Hörpu eða Veröld – hús Vigdísar þar sem innanstokksmunir eru að öllu eða mestu leyti innfluttir. Þetta eru dýrar hönnunarvörur og ekki sjónarmiðið um verð sem ræður þar ríkjum.

Þarna erum við að glata tækifærinu til að byggja upp íslenskan iðnað sem snertir bæði hönnuði og framleiðendur,“ segir Sigurður og vísar til nýlegrar skýrslu Business Europe um að hver tíu störf í framleiðslu skapi önnur sex afleidd.

### Ímyndin virðisskapandi

SI halda í dag í fyrsta sinn framleiðsluþing þar sem kastljósinu verður beint að helstu tækifærum og áskorunum þeirra sem framleiða hér á landi. Sigurður bendir í því samhengi á að ímynd Íslands geti aukið virði þeirra vara sem hér eru framleiddar en að framleiðslan geti einnig stutt við jákvæða ímynd landsins. Hvaðan vörur koma skipti máli enda taki verðlagning oft mið af uppruna vöru eða þjónustu.

„Ímynd landa skapar í rauninni virði fyrir vörur og þjónustu sem þaðan koma. Ef lönd hafa jákvæða ímynd þýðir það að vörur og þjónusta þaðan er verðmætari,“ segir Sigurður og nefnir þekkt dæmi eins og framleiðslu armbandsúra í Sviss, bíla í Þýskalandi og víngerð í Frakklandi.

„Vörur fá aukið virði fyrir að vera framleiddar þar. Fólk tengir þær við ákveðin gæði og sérstöðu. Það er einnig þannig að framleiðslan sjálf styður við ímyndina. Ef vörur frá viðkomandi landi eru þekktar fyrir gæði batnar ímynd landsins og það verður eftirsóknarverðara. Stærsta tækifæri Íslands liggur í því að finna þessi einkenni okkar og sérstöðu og gera meira úr þeim. Það eykur virði þess sem við gerum og hefur þannig jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna þar sem landið verður eftirsóknarverðara út frá ákveðnum einkennum eða sérstöðu,“ segir Sigurður.

„Lönd geta haft áhrif á heiminn á tvenna vegu. Annars vegar með formlegu valdi, til dæmis í gegnum alþjóðasamninga. En svo er einnig mjúka valdið eða menningaráhrif sem snýst um vörur eða þjónustu, menningu, hreinleika, ímynd lands og annað. Þannig verða til „sendiherrar“ sem stuðla að góðu orðspori þjóða. Þýskaland hefur verið tengt við iðnaðarframleiðslu, styrk og gæði. Sem dæmi er Þýskaland þekkt fyrir heimilistæki sem endast þannig að þýskir „sendiherrar“ eru á fjölmörgum heimilum víða um heim og bera Þýskalandi gott vitni, Bretland er tengt við handverk eins og handgerða leðurskó og Ísland er tengt við Björk. Sérstaða hennar er jú sköpunargáfa fyrst og fremst. Það gæti verið okkar sérstaða, hugvitið og sköpunargáfan, enda verður vöxtur 21. aldarinnar drifinn áfram af hugviti rétt eins og vöxtur 20. aldarinnar var drifinn áfram af hagkvæmri nýtingu náttúruauðlinda. Þar höfum við búið til ákveðna sérstöðu í flottum fyrirtækjum sem hafa náð árangri líkt og Marel, Össur og CCP sem byggja á sköpunargáfu og hugviti. Okkar tækifæri liggja þar og í hönnuninni sem er að ryðja sér meira og meira til rúms og vægi hennar í að auka virði vara er alltaf að aukast. Eitt frægasta dæmið er Apple en það er ekkert merkilegra við símana þeirra en að þeir eru vel hannaðir sem gerir þá verðmætari. Mikil sóknarfæri felast í því að fjölga okkar „sendiherrum“,“ segir Sigurður og heldur áfram.

> **Þess vegna er skrýtið að sjá opinberar byggingar hér eins og Hörpu eða Veröld – hús Vigdísar þar sem innanstokksmunir eru að öllu eða mestu leyti innfluttir.**

„Ólíkir aðilar þurfa að taka höndum saman, kortleggja þessi einkenni okkar, ræða þau gæði og sérstöðu sem við búum yfir og hvar við eigum að sækja fram. Þegar það liggur fyrir þarf að verða vitundarvakning þannig að við sem einstaklingar, atvinnulíf og hið opinbera áttum okkur á þessum gæðum og sérstöðu. Með vali getur hið opinbera stutt við þessi einkenni þannig að ímynd landsins batni sem þýðir að verðmæti framleiðslu og þjónustu eykst sem hefur jákvæð áhrif á útflutningsgreinar eins og ferðaþjónustu og sjávarútveg og þar með þau lífsgæði sem samfélagið getur staðið undir. Þess vegna ætti þetta að verða eitt stærsta verkefni stjórnvalda og atvinnulífs á komandi misserum.“

### Staðan oft betri

Koma Costco hingað til lands hefur haft áhrif á marga félagsmenn SI og dæmi eru um að fyrirtæki hafi þurft að draga úr framleiðslu og segja upp fólki. Sigurður segir aukna samkeppni á neytendamarkaði vera af hinu góða enda kalli hún á aukið hagræði og framleiðni. Opnun Costco hafi aftur á móti einnig þau áhrif að innfluttum vörum sé í auknum mæli beint að neytendum.

„Það hefur áhrif á samfélagið og við höfum heyrt fjölmörg dæmi um störf sem hafa tapast vegna þessara áhrifa á þessu ári. Áhrifin komu snemma fram. Umbreyting verður í smásölu með tilkomu Costco og ég geri ráð fyrir að aðrir smásalar hafi og muni bregðast frekar við. Viðhorf neytenda til innlendra framleiðenda er jákvætt og samkvæmt nýlegri könnun lítur 81 prósent jákvæðum augum á innlenda framleiðslu. Vandamálið er að innlendum vörum er í minni mæli beint að neytendum og afleiðingarnar af því eru heilmiklar. Störfum fækkar,

BETRI ÁKVARÐANATAKA
Áhættugreining
með @RISK
@RISK
Advanced Risk Analysis for Spreadsheets
www.grm.is fyrirtækjaráðgjöf
hordur@grm.is Sími 896 5486

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 6. DESEMBER 2017



**Ragna Ragnarsdóttir iðnhönnuður tekur þátt í Popup Verzlun í Listasafni Reykjavíkur á laugardaginn.**

Heimili →6






# Fjölbreytt notagildi hlutanna heillar

Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir hannar undir merkinu Bybibi. Hlutir með fjölbreytt notagildi heilla hana og þá endurnýtir hún steypu sem kjarnaboruð er úr veggjum. Sigríður er einn hönnuðanna sem standa á bak við nýtt stúdíó á Barónsstíg 27. →2

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Framhald af forsíðu ➜

Ég hef unnið með borðbúnað og hluti sem tengjast mat. Markmiðið hefur verið að auka meðvitund neytandans við borðhald. Það er hins vegar til óhemju mikið af diskum og glösum og til þess að búa til eitthvað nýtt verður hluturinn að hafa eitthvert gildi, til dæmis að búa yfir víðara notagildi. Það hefur alltaf heillað mig að hægt sé að nota hlut í fleiri en einum tilgangi,“ segir Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir iðnhönnuður.

Ein lína Sigríðar kallast Stefnir og samanstendur af diskum, snaga og spegli.

„Diskurinn minnir á bát í laginu. Á speglinum er sama formið og á að minna mann á hvert maður stefnir þegar litið er í spegilinn. Ég geri einnig snaga í þessu sama formi og nota íslenskt blágrýti, gabbró og marmara sem fellur til við aðra framleiðslu. Önnur línan er í dropalaga formi og úr mismunandi steini í mismunandi þykktum. Steinunum má raða saman og hafa þá mismunandi notagildi, kertastjaki, eggjabikar og platti. Þriðju línuna kalla ég Kjarnafjölskylduna en hún er unnin úr kjarnanum sem verður til þegar kjarnaborað er úr vegg,“ útskýrir Sigríður. Kjarnanum sé yfirleitt hent en hún finni honum nýtt hlutverk.

„Hann er skorinn niður og slípaður svo úr verða kertastjakar og hanki. Mér finnst þetta skemmtileg hugmynd að kjarninn komi úr veggnum og fari aftur á vegg í formi stjaka og snaga,“ segir Sigríður. „Það er spennandi að vinna með ný efni. Steypa í gömlum byggingum er jafnvel allt annars eðlis en úr nýjum húsum sem ég hef verið að nota og stundum sést í járnbrot með og stundum sést í skel. Stundum eru þeir fíngerðir og stundum grófir, það er enginn kjarni eins.“

Annars hefur Sigríður í nógu að snúast en nýlega opnaði hún ásamt fleiri hönnuðunum, vinnustofu og verslun á Barónsstíg 27. IHANNA, Anna Þórunn og Færið standa saman að vinnustofunni.

„Vörurnar okkar klingja ágætlega saman. Við Þórunn Hannesdóttir í Færinu höfum meðal annars sýnt saman undir nafninu North limited, í London og Dúbaí og erum að fara til Stokkhólms í janúar. Hér vinnum við hugmyndir og undirbúum sýningar. Við skiptum allar á milli okkar vöktum svo gestir hitta alltaf fyrir einhvern af hönnuðunum,“ segir Sigríður. Hópurinn sé bjartsýnn þrátt fyrir fréttir af rótgrónum hönnunarverslunum sem leggja upp laupana.

„Sjálfsagt er þetta bjartsýni en hönnuðir þurfa vinnustofu og það er frábært að geta sameinað þetta tvennt. Um leið og maður tekur skrefið fæðast aðrar hugmyndir um annað sem hægt er að gera. Svona fyrirkomulag sér maður víða erlends og einnig hér heima, að hönnuðirnir sjálfir standi vaktina. Það er kostur að fá upplýsingar um vörur frá fyrstu hendi. Ég hugsaði mig ekki tvisvar um þegar þetta bauðst.“



Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir sem vinir og fjölskylda kalla Bíbí hannar undir merkinu Bybibi. MYNDIR/EYÞÓR



Kertastjakar sem Sigríður hannar úr því sem til fellur þegar kjarnaborað er úr veggjum.



„Vörurnar okkar klingja ágætlega saman,“ segir Sigríður.




# Jólamarkaður Janusar endurhæfingar

Janus endurhæfing heldur jólamarkað á morgun að Skúlagötu 19.

Þórdís Halla Sigmarsdóttir gullsmiður heldur utan um markaðinn. Hún segir málefnið þarft.

„Allur ágóði markaðarins rennur í sjóð sem eyrnamerktur er einstaklingum sem eru í fjárhagslegri neyð og stunda starfsendurhæfingu hér í Janusi endurhæfingu. Til sölu verður listhandverk sem unnið er í Janusi endurhæfingu með endurnýtingu og umhverfisvæna hugsun í huga.“

Á iðjubraut Janusar er meðal annars verið að mósaíkleggja hluti svo sem lampa, krukkur og platta. Í tálgun má nefna smjörhníf, saltbát og tálgaða ljósaseríu sem vinsæl verkefni. Á saumasvæði eru búnir til púðar, töskur og prjónaðar borðtuskur. Að auki eru fjölmörg önnur verkefni unnin á iðjubraut.

„Markaðurinn er kjörið tækifæri til að styðja gott og þarft málefni um leið og gerð eru góð kaup,“ segir Þórdís.

Markaðurinn fer fram milli klukkan 12 og 17 á morgun.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457
**Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429
**Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




# HÁGÆÐA DANSKAR BAÐHERBERGISINNRÉTTINGAR

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum






## ÞITT ER VALIÐ
Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.

## GOTT SKIPULAG
Það getur verið mikil kúnst að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Fríform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM
Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

## OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

Fríform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# GUM ActiVital® úr náttúrulegum efnum

## Náttúruleg innihaldsefni í GUM ActiVital® veita langtímavörn fyrir tennur og tannhold.

GUM tannhirðuvörurnar skipta orðið tugum og eru sérfræðingar fyrirtækisins sífellt að koma með nýjungar sem mæta þörfum almennings hvað varðar bragð og gæði. Vörurnar þurfa jafnframt að uppfylla kröfur tannlækna því markmiðið er jú alltaf að draga úr tannskemmdum og minnka líkur á sýkingum og bólgum í tannholdi. Nú hafa litið dagsins ljós nýjar vörur frá GUM sem innihalda meira af náttúrulegum efnum en áður, en eftir því sem tækni og kunnáttu fleygir fram lærum við að nýta betur þá krafta og lækningamátt sem felst í plöntum, jurtum og rótum, segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

### Kraftur náttúrunnar

Í ActiVital® tannkremi og munnskoli er að finna öflug náttúruleg efni sem ásamt flúori eru nauðsynleg fyrir tannheilsu okkar og heilbrigt tannhold. Blanda af engifer, granateplum, kamillu og Q10 ásamt flúori gera þessar vörur alveg sérstakar:

- Andoxunarefnin kóensím Q10 og granatepli veita langtímavörn fyrir tennur og tannhold.
- Blanda af engifer og kamillu styrkir tennurnar og tannholdið.



Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

- Flúor og isomalt veita langtímavörn gegn tannsteini og tannskemmdum.

Tannkremið er laust við SLS sem margir vilja forðast en því er bætt í mörg tannkrem og sjampó til að láta þau freyða.

### Af hverju flúor?

„Oft hefur verið um það rætt hvort við þurfum að hafa flúor í tannkreminu okkar en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að flúor er nauðsynlegur til varnar tannskemmdum og mæla tannlæknar með notkun þess við tannburstun.

> ActiVital® er bragðgott og því góður valkostur fyrir þá sem vilja draga úr notkun kemískra efna og nýta þess í stað krafta náttúrunnar eins og kostur er.

Flúortannkrem stuðlar að marktækt lægri tannskemmdatíðni en tannkrem án flúors því þetta efni endurkalkar og styrkir tannvef sem byrjaður er að skemmast auk þess að vinna gegn tannskemmandi bakteríum,“ segir Þórhildur.

### Bara spýta ekki skola

Til að ná sem bestum árangri er mælt með tannburstun tvisvar á dag og nota munnskol áréttir Þórhildur. „Við erum flest öll vön því að spýta og skola svo munninn með vatni eftir tannburstun. Þar sem það er flúorið sem styrkir og verndar tennurnar er mælt með því að skola ekki með vatni, heldur spýta og leyfa flúorinu að vinna sína vinnu. Activital munnskolið inniheldur einnig flúor ásamt efni sem kallar LAE (Ethyl Lauroyl Arginate) sem kemur í veg fyrir að bakteríur festist á yfirborði tannanna. Mælt er með notkun tvisvar á dag, 30 sekúndur í senn,“ segir Þórhildur að lokum.




# Jólaköttur í jólatré

## Jólatré, jólaskraut og jólapakkar eru freistandi leikföng fyrir kettina á heimilinu en geta líka reynst þeim skeinuhætt. Það borgar sig því að hafa varann á á aðventunni og yfir hátíðirnar.

Jólin eru einn hættulegasti tíminn fyrir kisur af ýmsum ástæðum. Hvort sem kötturinn er ungur eða gamall eru miklar líkur á því að hann reyni að klifra upp jólatréð þar sem kettir sjá tré gjarna sem leiksvæði og verða yfir sig kátir að fá svoleiðis inn í hús. Svolítið eins og að fá trampólín inn í stofu. Þá eru trjábolir svo gráupplagðir til að nudda sér utan í sem getur orðið til þess að að tréð detti um koll. Kattaeigendum er því ráðlagt að fjárfesta í þungum jólatrésfæti og að auka stöðugleika trésins með límbandi eða með því að binda það fast í önnur húsgögn eða veggi. Kisum finnst líka gott að naga greinar og greninálar sem er mjög fjarri því að vera hollt fyrir þá. Olían úr greninálum getur valdið köttum meltingartruflunum, andnauð og jafnvægisörðugleikum. Þá eru nálarnar líka oft skarpar og geta stungist í gómin á kisum og jafnvel gert gat á innyflin. Til að minnka líkur á því að kisan þín éti jólatréð er ráð að úða tréð með blöndu af rauðum pipar og vatni. En kisur vilja naga fleira um jólin. Jólarósir eru baneitraðar fyrir ketti og kattaeigendum er ráðlagt að sleppa því alfarið að fjárfesta í slíku. Einnig eru mjóu vírarnir á jólaseríunni freistandi og mikilvægt að reyna að hylja þá á gólfinu svo þeir verði ekki étnir með tilheyrandi rafmagnshættu. Kisum er líka eðlislægt að leika sér með hluti sem hanga dinglandi á trjágreinum. Það er ekki hægt að ætlast til að þeir láti svo-



Logandi og flöktandi ljós eru ómótstæðleg fyrir sumar kisur.

leiðis í friði. Jólaskraut getur verið brothætt og líka þakið skörpum eða oddhvössum brúnum sem kisa gæti skorið sig á. Best er að festa jólaskrautið vel á greinarnar svo það séu minni líkur á að það detti og einnig að hengja óbrjótanlegt jólaskraut nær gólfi svo það valdi kisu ekki skaða þegar hún lætur undan eðlishvötinni og ræðst á glampandi dinglumdótið.

Eitt í viðbót sem tengist jólatrénu getur verið hættulegt fyrir kisur en það eru pakkarnir. Kisur elska að leika með borða, sérstaklega þunna borða sem krullast. Borðarnir geta hins vegar flækst utan um tunguna á þeim og einnig geta kisurnar gleypt borðana í æsingi sem getur endað í flækjum í meltingarvegi.



Vírarnir á jólaseríunni eru bráðóhollir eins og svo margt sem tengist jólum en ótrúlega spennandi undir tönn.

Hvað annað jólalegt varðar finnst sumum kisum kertaljós alveg gríðarlega spennandi og brennd veiðihár eru oft ekki nóg til að fæla þær frá. Borðdúkar eru líka spennandi, sem og allur matur sem stendur aleinn á borði lengur en góðu hófi gegnir. Það á sérstaklega við um alls konar fuglakjöt og rjóma. Það er því ráðlegt að skilja logandi kerti, borðdúka, jólamat, jólapakka og jólatré ekki eftir eftirlitslaus ef köttur er hluti af fjölskyldunni.



Af hverju ertu að hengja þetta dinglumdót á jólatréð ef þú vilt ekki að ég veiði það?

Tempur | Serta | Conform | Calvin Klein | Hugo Boss | Kenzo | Elegante | Ralph Lauren | Temprakon

# VERÖLD HVÍLDAR

BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI



## NOTALEGAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM

TEMPRAKON



### DANA DREAM MEDIUM
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
80% andadúnn, 20% smáfiður.
100% bómullar áklæði.

15.920 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 19.900 kr.



### SATIN STRIPE DÚNSÆNG
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% hvítur andadúnn, 10% smáfiður.
Með vönduðu bómullarsatín áklæði.

22.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 29.900 kr.




### PURE SLEEP PREMIUM
Hlý og létt gæsadúnsæng (650 gr.)
100% hágæða gæsadúnn. Með vönduðu bómullarsatín áklæði.

39.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 49.900 kr.



### TEMPRAKON ADVANCE SÆNG
Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.

34.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 44.900 kr.



### TEMPRAKON ADVANCE KODDI
Stærð: 50 x 70 cm
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.

15.900 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 26.900 kr.

### TEMPRAKON DÚNSOKKAR




Fyrir kaldar tær.
Ótrúlega vinsæl jólagjöf.

4.990 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð: 5.990 kr.

### SÆNGURFATNAÐUR FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM

JOOP! | elegante bedlinen fashion | yes | BOSS HUGO BOSS | Calvin Klein home | KENZO MAISON




SÆNGURFÖT – JÓLATILBOÐ FRÁ: 12.665 KR.

### LÚXUS BAÐSLOPPAR TILVALIN JÓLAGJÖF

BOSS HUGO BOSS | Calvin Klein home | KENZO MAISON





BAÐSLOPPAR – VERÐ FRÁ: 18.900 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

# Efnin sjálf ráða oft ferðinni

Ragna Ragnarsdóttir iðnhönnuður sækir innblástur í verk sín allstaðar að úr daglega lífinu. Hún er einn þeirra fjölmörgu hönnuða sem sýna verk sín í fyrsta sinn á árlegum jólamarkaði Popup Verzlunar sem haldinn verður í porti Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, næsta laugardag.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Iðnhönnuðurinn Ragna Ragnarsdóttir segist vinna einhvers staðar á milli hönnunar, handverks og myndlistar. Hún er einn hönnuðanna sem taka þátt í jólamarkaði Popup Verzlunar sem haldinn verður í porti Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, laugardaginn 9. desember milli kl. 11 og 17.

„Hönnunin mín er tilraunakennd og byggist kannski helst á því að reyna að uppgötva nýjar leiðir til að framleiða eða hvernig er hægt að vinna efni á óhefðbundinn hátt," segir Ragna sem tekur þátt í jólamarkaði Popup Verzlunar í fyrsta sinn. „Vörurnar mínar eru svo útkoman þar sem þetta allt kemur saman. Ég er með lítið viðarverkstæði þar sem ég renni við og annað. Síðan hef ég byggt framleiðslueiningar á vinnustofunni minni þar sem ég teygi latex í það form sem ég vil og notast svo við tveggja þátta vatnsbyggt efni sem ég lita og lagaskipti. Það má segja að ég teikni vörurnar nokkurn veginn með efnunum en meðal þeirra vara sem ég hanna eru blómavasar, kertastjakar, bekkir og borð."

## Elskar liti

Ragna lærði iðnhönnun í Ensci Les Atelier í París þar sem hún útskrifaðist árið 2016. „Útskriftarverkefni mitt var valið af dómnefnd til að taka þátt í Design Paride 2017 þar sem ég hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi hönnun. Í sumar tók ég svo þátt í verkefni sem snerist um að kanna möguleika til framleiðslu og atvinnuuppbyggingar á Grænlandi. Þar var notast við staðbundin hráefni og þekkingu en verkin sem ég vann þar munu koma til með að flakka á milli sýninga á næsta ári."







Ragna Ragnarsdóttir iðnhönnuður.



Meðal vara sem Ragna Ragnarsdóttir hannar eru blómavasar, kertastjakar, bekkir og borð.

Hún segist sækja innblástur í verk sín alls staðar að úr daglega lífinu. „Oftast eru það efnin sjálf sem ég er að vinna með sem eru kannski minn helsti innblástur. Þau ráða oft ferðinni og ég reyni að finna jafnvægi á milli þess hvað þau vilja gera og ég vil gera. Ég elska að vinna með liti og það fer eiginlega bara eftir því í hvaða skapi ég er hvaða litaþema verður fyrir valinu."

## Spennandi markaður

Ragna ætlar að sýna vasa og stjaka á jólamarkaðinum sem hún segir vera einhvers staðar milli þess að vera skúlptúrar og nytsamlegar vörur. „Mér finnst frábært að haldinn sé svona markaður til að gefa hönnunar-, handverks- og myndlistarfólki tækifæri til að koma vörum sínum á framfæri. Þar er fólk að kaupa beint frá hönnuðum og styðja þannig við bakið á þeim. Þetta er raunar fyrsta skipti sem ég kem vörum mínum á markað fyrir almenning svo þetta verður bara mjög spennandi."

Aðspurð hvað sé helst í vændum í vetur segir hún hafa verið mikið á flakkinu upp á síðkastið og unnið að ýmsum verkefnum. Fyrir vikið hafi hún lítið náð að sinna eigin stúdíóvinnu. „Ég er líka með fullt af verkum í rassvasanum sem mig langar að gera en þegar maður er að framleiða allt sjálfur fer oft mikill tími í það. Nýlega hlaut ég þó hönnunarstyrk fyrir nýja vöruþróun sem ég hyggst fara af stað með eftir áramót."

Nánari upplýsingar um jólamarkaðinn má finna á Facebook undir Popup verzlun jólamarkaður.

– JÓLAGJÖFIN HENNAR –
DRAUMAKÁPAN-DÚNÚLPAN
Loðskinnskragar - Treflar - Húfur - Hanskar




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

## Bílar & Farartæki

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN**



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 35" breyttur nýskr. 03/2005, ekinn 202 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, nýleg dekk. Toppeintak! Verð 2.890.000 kr. Raðnr.257165 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílaþjónusta

Finndu okkur á Facebook
**Höfðabón**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
**Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

**k2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Múrarar

**MÚRARAR**
Getum bætt við okkur stórum og smáum verkefnum strax. Allt almennt múrverk.

Flotun, flísalagnir, steypuvinna og.fl. Fagmenntaðir Íslenskir fagmenn

**PG-JG Verktakar Jón Gunnar 867-6698 Þorvarður 892-6101**

## Keypt & Selt

## Til sölu

**HUMARSALAN**

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www. humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
**Vandaðir krossar á leiði!**
3ja ára ábyrgð



**JS LJÓSASMIÐJAN**
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

**STIGA**



**Snow Blizzard snjóblásari**
B&S mótor með rafstarti, 249cc
Dreifing 1 - 10 metrar
69cm vinnslubreidd
Með ljósum og á grófum dekkjum
Frábær í mikinn og erfiðan snjó

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

**THAI**
**Nuddstofan**

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19. S. 789 5452

## Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**Hús/ hæð / raðhús í 110 RVK eða nágrenni óskast!**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð á sv. 110 eða nágrenni. Skoðum allt. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

**Nánari upplýsingar sendist á: sendtohelgi@gmail.com**





**EINRÓMA LOF**

*Syndafallið er falleg og nærgöngul fjölskyldusaga sem lætur engan ósnortinn.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

★★★★★
*Mikael fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast … stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**

★★★★½
*Skelfileg en falleg saga, full af sársauka og átökum, elskusemi og æðruleysi.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir/Morgunblaðið**

★★★★
*Syndafallið er í senn kraftmikið uppgjör og einlæg ástarjátning höfundar til breyskra en afar forvitnilegra persóna.*
**Magnús Guðmundsson/Fréttablaðið**

*Bókin er svo góð … maður eiginlega bara klappar fyrir höfundinum.*
**Kolbrún Bergþórsdóttir/Kiljan Rúv**

*Þetta er stórkostleg bók.*
**Frosti Logason/Harmageddon**

*Með því besta og fallegasta sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**



## Auglýsing á vinnutillögu á breytingu Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fund sínum þann 17.nóvember 2017 að auglýsa uppfærða vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting felst í breyttri legu á Vestfjarðavegi (60) í sveitarfélaginu og nýrra efnistökusvæða.

Breytingin fjallar um leiðrétta veglínu á Vestfjarðarvegi milli Bjarkalundar og Skálaness miðað við endurupptekið umhvefismat ásamt nýjum efnistökusvæðum, en veglína hefur breyst á nokkrum stöðum frá gildandi aðalskipulagi.

Markmið breytingarinnar er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um vegi, en þar segir:

„Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar".

Á þessu stigi liggur ekki alveg ljóst fyrir hvor leiðin verði fyrir valinu og eru því báðar tillögur sýndar á uppdrætti á meðan ákvörðun liggur ekki fyrir. Þegar tillagan verður auglýst þá verður einungis ein leið sýnd.

Vinnslutillagan er birt á heimasíðu reykholar.is og einnig á skrifstofu Reykhólahrepps Maríutröð 5a 380 Reykhóla. Upplýsingar eru einnig veittar hjá Skipulagsfulltrúa.

Kynningarfundur um tillögu að breytingu á aðalskipulagi verður í Stjórnsýsluhúsi Maríutröð 5a, Reykhólum mánudaginn 18. desember nk. á milli 10.00 -14.00. Íbúar og hagsmunaðilar eru hvattir til að mæta og kynna sér uppfærða vinnslutillögu.

Ábendingum skal skila skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Maríutröð 5a, 380 Reykhólahreppur eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is / sveitarstjori@reykholar.is eigi síðar en 5. janúar 2018

*Reykhólar 1. desember 2017*
*Bogi Kristinsson Magnusen*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*

## Auglýsing um skipulagsmál í Mýrdalshreppi

### Skipulags og byggingarfulltrúi

Í samræmi við 31.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 – Pétursholar breytt landnotkun.**
Unnin hefur verið tillaga að breytingu aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028. Um er að ræða skilgreiningu á verslunar og þjónustusvæði á lóðinni Pétursholar sem áður var hluti að jörðinni Vellir. Á lóðinni er fyrirhugað að byggja upp gistiþjónustu af gerðinni gistiheimili eða sumarhús.
Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulag.

**Deiliskipulag - Pétursholar**
Samhliða breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna Pétursholа er auglýst deiliskipulagstillaga. Skipulagið nær til 4 ha. svæðis. Heimilt byggingarmagn á svæðinu verði fyrir allt að 1100 m2. Gert er ráð fyrir að byggingar verði allt að 22 á skipulagssvæðinu. Heimilt er að byggja leiksvæði eða annarskonar útivistaraðstöðu á svæðinu.

Tillögur þessar liggja frammi hjá skipulags og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps www.vik.is. Frá 6.desember 2017 til og með 18.janúar 2018. Athugasemdir ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 18.janúar 2018. Meðfylgjandi gögnum má finna umsögn Skipulagsstofnunnar vegna málsins sem brugðist hefur við innan tillögu.

***Vigfús Þór Hróbjartsson***
***Skipulags og byggingarfulltrúi***
***Mýrdalshreppur***

Dalabyggð

## Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 22. nóvember 2017 að auglýsa skipulags- og matslýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.
Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir 7 breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004- 2016 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Breytingarnar sjö eru eftirfarandi:

1. **Efnistökusvæði í landi Hvítadals í Hvolsdal.**
2. **Vindorkugarður við Hróðnýjarstaði.**
3. **Iðnaðarlóð fyrir gagnaver og fleira.**
4. **Íbúðarsvæði í Búðardal.**
5. **Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis í Búðardal.**
6. **Frístundasvæði í landi Hlíðar í Hörðudal.**
7. **Stækkun byggðalínu.**

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulags og komandi skipulagsvinnu.

Tillögurnar liggja frammi, frá 7. desember 2017 til 5. janúar 2018 á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal, heimasíðu sveitarfélagsins dalir.is.

Athugasemdum eða ábendingum skal skila til skrifstofu Skipulagsfulltrúa, að Miðbraut 11 Búðardal eða netfang byggingarfulltrui@dalir.is fyrir 5.janúar 2018.

*Dalabyggð 30. nóvember 2017*
*Bogi Kristinsson Magnusen*
*Skipulags og byggingarfulltrúi*



**Sveinn Eyland**
**Löggiltur fasteignasali**
**Sími 690 0820**

**LANDMARK SMÁRINN**
Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu
HLÍÐASMÁRA 2 // KÓPAVOGUR // SÍMI 512 4900
LANDMARK@LANDMARK.IS // WWW.LANDMARK.IS

**Þórarinn Thorarensen**
**Sölustjóri**
**Sími 770 0309**












- Bjartar og vel skipulagðar 2ja – 4ra herb. íbúðir á góðum stað.
- Íbúðirnar eru 68.8 – 128.4 fm, stæði í bílgeymslu með meirihluta íbúða.
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar án aðalgólfefna í apríl / júlí 2018
- Sérinngangur og sérafnotareitur með íbúðum á jarðhæð.
- Rúmgóðar suður-svalir með íbúðum á hæðum.
- Húseignir eru klæddar að utan og því viðhaldslitlar, lyfta er í stærra húsi.
- Vaxandi hverfi í Mosfellsbæ.

**Verð kr. 33.5 – 49.9. millj.**

**Byggingaraðili NÝ-HÚS byggingarverktakar**

velta dregst saman og virðisaukinn verður til erlendis sem hefur áhrif á greiðslujöfnuð og samfélagið í heild sinni. Þetta snýr að samfélagsábyrgð og vitund okkar sem neytenda," segir Sigurður.

„En svo sjáum við einnig að samkeppnishæfnin hefur versnað með tímanum hjá framleiðslugreinum, meðal annars vegna gengisbreytinga og mikilla launahækkana og það hefur auðvitað áhrif. Samkeppnisstaðan hefur oft verið betri en nú."

*Hefði mátt bregðast við fyrr með frekari hagræðingu eða öðrum aðgerðum hjá framleiðendum?* „Ég er ekki viss um það. Það hefur átt sér stað hagræðing hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og menn hafa lagt sig fram við að auka framleiðni. Ég er ekki viss um að það hefði verið hægt að gera þetta eitthvað öðruvísi. Fjarlægð frá mörkuðum hefur sitt að segja varðandi verðlag. Þess vegna er einkennilegt að sjá innfluttar vörur í Costco hér sem eru ódýrari en í Costco í Bretlandi. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvernig það getur staðist."

### Mikil eftirspurn

Samtök iðnaðarins hafa að undanförnu undirstrikað áherslu þeirra á að tækni- og raungreinum verði gert hærra undir höfði í menntakerfinu og íslensku samfélagi öllu. Í október stóðu þau fyrir sínu árlega Tækni- og hugverkaþingi og þar kom að sögn Sigurðar bersýnilega fram hversu mikla áherslu félagsmenn leggja á menntun. Spurningin er aftur á móti hvernig hægt sé að auka vægi iðnmenntunar.

„Fyrst og fremst held ég að þetta snúist um viðhorf. Á einhvern hátt má segja að það sé sinnuleysi eins og í máli víetnamska nemans á Nauthóli. Þeirri staðreynd að nám í skilningi útlendingalaga sé einungis nám á háskólastigi en ekki iðnnám. Þessi lagabreyting fór í gegnum þingið án nokkurs mótatkvæðis sem er nokkuð sérstakt. Þetta viðhorf hefur væntanlega verið ríkjandi um margra alda skeið því þegar Hallgrímur Pétursson var og hét fyrir um 400 árum síðan var hann að nema járnsmíði í Kaupmannahöfn þegar Brynjólfur Sveinsson biskup kom að honum og sagði að svona mælskur maður ætti frekar heima í háskóla.

Iðnnám hefur hingað til ekki opnað leiðir inn í háskólanám en með fagháskólastigi verður breyting þar á. Þá þarf ekki að fara í undirbúningsnám eftir iðnnám og ég held að þetta sé mjög til bóta. Síðan er ýmsar umbætur sem við höfum unnið að með hinu opinbera sem eru þá tæknilegs eðlis. Til þess að auka öryggi nemenda í því að geta klárað námið af því að fólk byrjar og fær vilyrði fyrir því að komast á samning hjá meistara. Síðan verður kannski samdráttur í samfélaginu og það gengur ekki upp og þá fær hann ekki pláss og neminn getur ekki klárað. Það er eitt dæmi sem við höfum verið að vinna í og ný ríkisstjórn hlýtur að taka þessi mál föstum tökum. Við sjáum líka að við erum í miðri fjórðu iðnbyltingunni margumtöluðu og þar verður mikil breyting á störfum þar sem hluti þeirra mun hverfa og ný verða til. Meiri áhersla verður lögð á sköpunargáfu og hæfileika til að leysa verkefni. En það verður alltaf þörf fyrir iðnmenntað fólk á vinnumarkaði þrátt fyrir gervigreind og aðrar breytingar."

*Hvað áherslur viljið þið sjá hjá nýrri ríkisstjórn?* „Fyrst og fremst þarf að vinna að aukinni samkeppnishæfni Íslands. Það þarf að ráðast í innviðauppbyggingu. Við höfum bent á að uppsöfnuð viðhaldsþörf nemi nærri 400 milljörðum, mest í vegakerfinu, flutningskerfi raforku, fráveitum og fasteignum hins opinbera sem víða liggja undir skemmdum. Það er jákvætt að ríkisstjórnin ætli að beita sér í þessum málum. Síðan þarf kerfisumbætur í menntakerfinu en það er færnismisræmi á markaði þar sem framboð og eftirspurn mætast ekki. Mikil eftirspurn er eftir iðnmenntuðu starfsfólki sem og fólki með tækni- og raungreinamenntun og auka þarf



**Hér á landi skortir haldbærar upplýsingar um byggingastarfsemi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aðsókn í þessar greinar. Nýlega var kynnt fjárlagafrumvarp í Bretlandi og þar fá skólar aukið fjármagn fyrir nemanda í stærðfræðiáföngum og skólinn hefur þannig hag af því að nemendur klári ákveðin fög eða námskeið. Ég er ekki að segja að það sé eina leiðin heldur nefni þetta sem dæmi. Aðgangsstýring eða takmarkanir hafa einnig gefið góða raun. Talsvert er rætt um aukið fjármagn til háskóla en að mínu mati verða kerfisumbætur að eiga sér stað.

Síðan er það nýsköpun. Ég nefndi áðan hugvit sem er gríðarlega mikilvægt. Við erum í alþjóðlegri samkeppni um hugmyndir og hvar þeim er breytt í verðmæti. Það þýðir að umgjörðin utan um rannsóknir, þróun og nýsköpun verður að vera sambærileg því sem þekkist annars staðar. Skattalegir hvatar verða að vera svipaðir því sem þekkist í öðrum löndum, því höfum við vakið athygli á að þakið þurfi að taka af endurgreiðslu vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Ef við erum með þak sem er lágt eins og það er í dag erum við að senda út kolröng skilaboð um að þetta sé land fyrir sprota- og lítil fyrirtæki en um leið og þau stækki séu þau betur staðsett annars staðar. Auðvitað viljum við sprotana og litlu fyrirtækin en þegar þau stækka viljum við líka hafa þau hér og þeirra verðmætu störf. Þessu þarf að breyta og ég held að það væri snjallt að leggja áherslu á einhverjar tilteknar greinar eins og önnur lönd hafa gert."

### Vilja einfaldara kerfi

*Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum, benti í viðtali í Markaðnum fyrir tveimur vikum á að hér skortir haldbærar upplýsingar um byggingastarfsemi og þá hversu mikið verktakar eru að byggja og hvar. Einu upplýsingarnar sem séu fáanlegar komi frá starfsmönnum Samtaka iðnaðarins sem keyri um og telji. Þarf ekki að bæta úr þessu?* „Við eigum mjög langt í land heilt yfir þegar kemur að upplýsingum. Hvort sem það snertir menntun, hugverkaiðnaðinn eða aðrar greinar og það á einnig við um byggingamarkaðinn," segir Sigurður og bætir við að helsta vandamálið á húsnæðismarkaði sé skortur á framboði íbúða.

„Það vantar fleiri íbúðir og því voru vonbrigði í talningu okkar um daginn að það lítur út fyrir að færri íbúðir verði byggðar á næstu árum en í spánni sem við birtum í byrjun árs. Uppbygging gerist hægar sem er slæmt. Þétting byggðar er góðra gjalda verð en hún gerist of hratt og ný hverfi þróast of hægt. Það er dýrara og tímafrekara enda þarf að rífa það sem fyrir er og flóknara ferli hjá skipulagsyfirvöldum. Við viljum sjá meira framboð lóða og einfaldari stjórnsýslu og ég fagna því að vísbendingar séu um þetta í stjórnarsáttmálanum. Ég skora á stjórnvöld að einfalda stjórnsýslu húsnæðis- og byggingamála í landinu. Í dag eru þessi mál á hendi þriggja ráðuneyta og það er síst til að einfalda málin. Það sem þarf að gera er að einfalda stjórnsýslu, allar þessar leyfisveitingar og ferlið í kringum þær sem er mjög tímafrekt. Á sama tíma og stefnan í Reykjavík er að þétta byggð eru öflugir verktakar að byggja á Selfossi og í Reykjanesbæ því þeir fá ekki lóðir hér. Þétting byggðar leiðir til þess að byggðin dreifist út í nágrannasveitarfélög sem var væntanlega ekki planið en er engu að síður staðreynd."

Framleiðsluþingið verður haldið í Hörpu og þar verður einnig farið inn á ímynd og markaðssetningu íslensks iðnaðar.

„Goddur prófessor í grafískri hönnun kemur til með að tala um það og síðan kemur danskur sérfræðingur frá Dansk Industri og segir frá þeirra reynslu en Danir eru miklir markaðsmenn og hafa náð miklum árangri í að koma sínum vörum á framfæri. Þar er óplægður akur fyrir okkur að mínu mati en eitt allra stærsta tækifæri fyrir Ísland er það sem snýr að markaðssetningu.

Við ætlum einnig að tala um fótspor framleiðslugreinanna hér á Íslandi en þetta eru um 17.000 störf og um 120 milljarða launagreiðslur og 270 milljarðar í gjaldeyristekjur eða fjórðungur af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Rekstrartekjurnar eru tæplega 600 milljarðar og opinberu gjöldin eru 23 milljarðar eða næstmest allra greina. Það sem þetta segir okkur er að það skiptir samfélagið miklu máli að við framleiðum á Íslandi. Þetta er mikil velta, skapar gjaldeyri og störf. Ég held að það sé umhugsunarefni að með vali höfum við áhrif. Það gildir bæði um okkur sem einstaklinga í hinu daglega lífi en einnig hið opinbera."

Banki ársins 2017

Við þökkum kærlega fyrir okkur!

The Banker, eitt virtasta og víðlesnasta tímarit fjármálaheimsins, hefur valið Íslandsbanka sem banka ársins á Íslandi, annað árið í röð. Við erum stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu.

**Komdu í hóp ánægðustu viðskiptavina í bankaþjónustu á Íslandi.**

The Banker
Bank of the Year 2014, 2016, 2017
ICELAND

440 4000
@islandsbanki
islandsbanki.is

# Íslensk gagnaver finna fjölina sína



**Jóhann Þór Jónsson**
formaður Samtaka Gagnavera (DCI) og forstöðumaður rekstrar hjá Advania Ísland ehf.



**Gagnaver Advania Thor Data Center en greinarhöfundur segir gagnaversiðnaðinn ekki aðeins snúast um að varðveita gögn heldur líka um vinnslu þeirra.**

Draumurinn um að laða erlenda tækni- og tölvurisa til Íslands hefur lengi einkennt umræðuna um uppbyggingu gagnaversþjónustu á Íslandi. Draumurinn um að einhver hinna stóru, Google, Apple eða Facebook, reisi hér gagnageymslu hefur þannig yfirskyggt starfsemi þeirra átta fyrirtækja sem hafa skipulega byggt upp sína þjónustu hérlendis á undanförnu árum með góðum árangri. Í stað þess að bíða þess sem verða vildi hafa þau sýnt frumkvæðið, fundið stóra og smáa viðskiptavini um allan heim, selt þeim margvíslega þjónustu á sviði upplýsingatækni og skapað í leiðinni mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag.

Gagnaversiðnaðurinn er fjölbreyttari en margan grunar, því hann snýst ekki um það eitt að varðveita gögn heldur líka um vinnslu þeirra. Og það er einmitt í gagnavinnslunni sem mikil tækifæri liggja fyrir Ísland, enda reiðir hún sig í minni mæli á gagnatengingar en hefðbundin gagnavistun þar sem öll gögn þurfa ávallt að vera aðgengileg fyrir alla og gagnaflutningsgetan getur reynst flöskuháls. Gagnavinnslan snýst þannig um að nýta reiknigetu öflugra tölvusamstæða, svokallaðra ofurtölva, til að samkeyra gríðarlegan fjölda gagnapunkta í því skyni að leysa flókin tölfræðileg verkefni af ýmsum toga. Þar skiptir gagnaflutningsgeta minna máli, þar sem afrakstur vinnunnar er sendur til verkkaupans að henni lokinni.

Þannig voru íslenskar ofurtölvur nýverið notaðar í byltingarkenndri læknisfræðitilraun, sem unnin var í samstarfi læknadeildar Stanford háskóla í Bandaríkjunum og þýsk-ameríska tæknifyrirtækisins Ubercloud. Með flókinni hermun á starfsemi hjartans var líkt eftir áhrifum lyfjagjafar á hjartað, til að minnka hættuna á því að lyfjagjöf valdi hjartsláttartruflunum og auðvelda læknum að meta hvaða lyf hentuðu sjúklingi best. Verkefnið (The Living Heart Project) hefur vakið gríðarlega athygli og á síðustu vikum hlotið þrenn verðlaun. Sama rannsóknarteymi er nú ásamt Indversku tauga- og geðrannsóknarmiðstöðinni (NIMHANS) að hefja rannsóknir á heilanum, þar sem rannsakað verður hvernig megi hafa áhrif á og meðhöndla geðklofa. Í þeirri rannsókn fer flókin gagnaúrvinnsla fram í íslenskum ofurtölvum.

Ýmsar aðrar atvinnugreinar sækjast í að framkvæma sína útreikninga og hermanir í íslenskum gagnaverum. Má þar nefna bílaframleiðendur, veðurstofur og tryggingafélög sem öll hafa þörf fyrir gríðarlega reiknigetu fyrir flókna útreikninga. Hérlendis skapar samspil hita og raka kjöraðstæður fyrir ofurtölvur, en ítarlega er fylgst með afköstunum þar sem vélarnar eru gríðarlega dýrar og hvert prósent í afköstum því mikilvægt. Ekki skemmir fyrir að kolefnissporið er miklu minna en víðast hvar, sem skiptir erlenda samstarfsaðila sífellt meira máli. Þá krefst starfsemin mikillar þjónustu, t.d. við uppsetningu og bestun hugbúnaðar, og hér hefur því skapast mikil og verðmæt sérþekking í iðnaði sem er í miklum vexti. Nýjustu afkastamælingar sýna að ofurtölva á Íslandi afkastar 6-7% meira en algengt er erlendis, þökk sé hagstæðum ytri aðstæðum og þekkingu íslenskra sérfræðinga.

Spurn eftir þjónustu af þessu tagi mun að öllum líkindum aukast hratt á næstu misserum, enda má spara bæði tíma og fyrirhöfn með því að hanna, þróa og álagsprófa vörur með stafrænum hætti í gagnaveri áður en til framleiðslu kemur og koma í veg fyrir að gallaðar vörur rati í hendur neytenda.

Þótt rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera hafi breyst til hins betra á undanförnum árum eru enn fjölmörg ónýtt tækifæri í greininni. Í mati sínu á því hversu auðvelt er að stunda viðskipti í ríkjum heims setur Alþjóðabankinn Ísland í 23. sæti, á meðan Danmörk er í þriðja sæti, Noregur í áttunda og Svíþjóð í tíunda. Það sama gildir um skattaumhverfið þar sem Ísland er í 29. sæti, langt að baki samkeppnisríkjum eins og Írlandi, Danmörku og Kanada. Úr þessum þurfum við að bæta, svo halda megi áfram að skapa verðmæti til hagsbóta fyrir land og þjóð. Áherslur nýrrar ríkisstjórnar gefa ástæðu til bjartsýni, enda er rík áhersla lögð á nýsköpun, menntun og þróun í stjórnarsáttmálanum sem undirritaður var í síðustu viku. Hugverkaiðnaður og skapandi greinar verða drifkraftur breytinga á komandi árum og því mun uppbygging tæknilegra innviða auka möguleika hugverkaiðnaðarins á að skapa aukin verðmæti.



**Ásgeir Jónsson, deildarforseti hagfræðideildar, Jón Atli Benediktsson háskólarektor og Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte.**

## Hagfræðideild HÍ og Deloitte í samstarf

Hagfræðideild Háskóla Íslands og ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að starfsmenn Deloitte munu kenna í náminu, taka við starfsnemum og styðja við lokaverkefni nemenda.

Samstarfssamningurinn við Deloitte er gerður í kjölfar þess að fyrir ári voru stofnaðar tvær nýjar námslínur við hagfræðideildina – BS í fjármálahagfræði og viðskiptahagfræði – þar sem fyrstu þrjár annir námsins eru samhljóða hinu hefðbundna BS-námi í hagfræði en nemendum gefst síðan kostur á því að velja fjármál eða önnur viðskiptatengd fög í seinni hluta námsins.

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar, segir að samstarfið við Deloitte opni nýjan þekkingar- og reynsluheim fyrir hagfræðinema og staðfesti þann áhuga sem hann hafi fundið fyrir í atvinnulífinu á þessum námsnýjungum. „Deloitte hefur verið að hasla sér völl í efnahagstengdum greiningum og ég held að samstarfið við þá bjóði upp á marga möguleika fyrir báða aðila,“ útskýrir Ásgeir.

Hann segir að nemendum gefist nú kostur á því að sníða sitt eigið nám með úrvali námskeiða úr bæði hagfræði- og viðskiptadeild. Sú samsetning sé öflugt veganesti út í atvinnulífið þar sem tæknilegar kröfur fari saman með staðgóðri þekkingu á hagfræði, fjármálum og viðskiptum. Ásgeir segir þessar línur hafa reynst mjög vinsælar og leitt til tvöföldunar á fjölda nýnema við deildina síðasta haust en nú eru rúmlega 70 nemar á fyrsta ári í hagfræði. – **hae**

# Straumar og stefnur í stafrænni markaðssetningu 2018



**Guðmundur Tómas Axelsson**
framkvæmdastjóri WebMo Design

Nú er árið senn á enda og helstu sérfræðingar heims keppast við að spá fyrir um helstu strauma og stefnur fyrir árið 2018, hvort sem það er í tækni, markaðssetningu, hönnun eða öðru.

Þróunin í stafrænni markaðssetningu er mjög hröð og eru margir straumar í gangi. Þeir eru mislangt komnir, sumir eru búnir að ná að festa sig í sessi og aðrir eru að taka sín fyrstu skref. Hér verður fjallað um nokkra strauma í stafrænni markaðssetningu sem eru hvað áhugaverðastir þegar við lítum til ársins 2018. Taka skal fram að þetta er aðeins brot af þeim straumum sem eru í gangi.

**Áhrifavaldar**
Markaðssetning með áhrifavöldum mun halda áfram að vera áhrifarík leið til þess að markaðssetja vörumerki. Þá sérstaklega hinir svokölluðu staðbundnu áhrifavaldar (e. Hyperlocal Influencers). Þeir eru líklegri til að leggja meira á sig en stjörnurnar. Athyglisvert er að 71% neytenda er líklegra til að kaupa vöru ef hún hefur fengið jákvæða umfjöllun á samfélagsmiðlum.

**Myndbönd og beinar útsendingar**
Myndbönd af öllum gerðum verður líklega einn af heitustu straumunum árið 2018. Við erum að tala um flott, stutt og textuð myndbönd sem eru sérstaklega hönnuð fyrir samfélagsmiðla. Auk beinna útsendinga á miðlum eins og Facebook, Instagram og Twitter. Notendur eru líklegri til að deila myndbandi, líka við það og skrifa athugasemdir en við annað efni. Rannsóknir sýna að 52% markaðsstjóra telja markaðssetningu með myndböndum skila betri árangri en aðra markaðssetningu.

**Instagram sögur**
Þó svo að Snapchat hafi rutt brautina fyrir tímabundið efni, þ.e. færslur sem hverfa eftir ákveðinn tíma, þá eru Instagram og Facebook að taka þetta yfir. Instagram sögur hafa verið vinsælar undanfarið og eiga bara eftir að vaxa árið 2018.

**Z kynslóðin**
Undanfarið hefur aðaláherslan í markaðssetningu beinst að aldamótakynslóðinni en nú munu fyrirtæki í auknum mæli snúa sér að Z kynslóðinni. Sú kynslóð hefur alist upp við internetið og notkun samfélagsmiðla. Árið 2018 verða elstu einstaklingarnir úr Z kynslóðinni orðnir 22 ára og stutt í að þeir komi á vinnumarkaðinn. Þarna er um framtíðarviðskiptavini að ræða og verða fyrirtæki að vera á tánum við að fylgja þeim eftir.

**Spjallbotti**
Spjallbotti er forrit sem er hannað til þess að eiga samtal við fólk, oftast á netinu. Spjallbottar byggja á misflókinni gervigreind. Facebook er með 11.000 spjallbotta tengda Messenger í notkun. Utanaðkomandi fyrirtæki geta einnig þróað spjallbotta og tengt þá við Facebook Messenger.

**Facebook Spaces**
Facebook hefur verið að þróa verkefni sem kallað er Spaces og hefur það að markmiði að tengja saman vini í gegnum sýndarveruleika. Facebook vinnur verkefnið í samstarfi við dótturfyrirtæki sitt, Oculus, sem sérhæfir sig í sýndarveruleika. Ljóst er að samfélagsmiðlarisinn ætlar sér stóra hluti með þetta. Hvort þetta verði orðin almenn markaðsvara árið 2018 er samt ekki víst.




# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SKRIFSTOFUSTÓLUM

wagner

ÞÝSK HÖNNUN
EINSTÖK GÆÐI

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

Topstar bewegt!




**ERGO MEDIC**
Frá 169.900
**Nú 135.920**
Höfuðpúðar seldir sér

**ALUMEDIC**
Frá 196.900
**Nú 157.520**
Höfuðpúðar seldir sér

**HEADPOINT**
Frá 71.900
**Nú 53.900**

## Skotsilfur

### Fórnarlamb kynjakvótans



Steinunn Kristín Þórðardóttir, sem hefur verið framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance, tók sæti í stjórn Arion banka í liðinni viku. Var hún tilnefnd af Attestor Capital, sem á rúmlega 10 prósenta hlut, en sjóðurinn var nýlega samþykktur af FME sem virkur eigandi. Samhliða því lét **Guðrún Johnsen**, sem hefur verið varaformaður stjórnar, af störfum í stjórn bankans. Guðrún hafði verið tilnefnd af Kaupskilum, sem velur sex af átta stjórnarmönnum, en félagið stóð núna frammi fyrir því, vegna reglna um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja, að þurfa að fórna einni konu. Ekki kom til greina að Eva Cederbalk, formaður stjórnar, myndi hætta og valið stóð því á milli Guðrúnar og Þóru Hallgrímsdóttur. Niðurstaðan varð sú að láta Guðrúnu fara en hún hafði setið í stjórn bankans frá 2010. Fulltrúi Bankasýslunnar í stjórn Arion banka er Kirstín Þ. Flygenring.

### Hamra járnið



Líkur eru á að skjálfti fari nú um grunnstoðir í bygginga- og verktakabransanum með innkomu nýja framkvæmdafélagsins Arnarhvols ehf. Þar er **Björgólfur Thor Björgólfsson**, fjárfestir og einn auðugasti maður heims, bókstaflega í góðra vina hópi sem ætlar sér samkvæmt tilkynningu að verða leiðandi á verktakamarkaði í framtíðinni. Karl Þráinsson er forstjóri félagsins og margreynd kempa úr bransanum og ljóst að hópurinn hefur þekkingu og fjárhagslega burði til að hamra járnið á meðan það er heitt.

### Hlýtt til buddunnar



**Jón Gerald Sullenberger** tilkynnti í síðustu viku um lokun verslunarinnar Kosts í Kópavogi. Í athugasemdakerfum og á samfélagsmiðlum sást vel að búðin á marga aðdáendur sem töldu hana góða viðbót inn í smásöluflóruna. Mörgum var sem sagt hlýtt til verslunarinnar en buddan bar tilfinningarnar ofurliði. Eins og Jón orðaði það sjálfur gat verslunin ekki keppt við Costco og lokar því rúmu hálfu ári eftir að bandaríski verslunarrisinn opnaði.

## Nóg að gera í Kauphöllinni í New York




Miðlarar í Kauphöllinni í New York höfðu í nógu að snúast við opnun markaða á mánudag. Hlutabréfavísitalan Dow Jones tók þá mikinn kipp eftir að tilkynnt var um nýja löggjöf Bandaríkjaþings sem mun leiða til umfangsmestu breytinga á skattkerfinu þar í landi síðan á níunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vinnustaður er námsstaður



**Kristín Þóra Harðardóttir**
lögmaður hjá Samtökum atvinnulífsins

Breytingar á vinnumarkaði, fjórða iðnbyltingin, stafræn bylting, framtíðarvinnumarkaður, vélmenni og gervigreind eru áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir. Móta þarf stefnu um hvernig mæta skal örum tæknibreytingum og horfum um að vélar muni vinna stóran hluta þeirra starfa sem fólk sinnir nú.

Samfélagið og vinnumarkaðurinn hafa gengið í gegnum miklar og hraðar breytingar á undanförnum áratugum en hraði þeirra er nú meiri en áður hefur þekkst. Margir eiga erfitt með að aðlagast nýjum aðstæðum í yfirstandandi ölduróti umbreytinga og tækninýjunga.

Það tók símann 75 ár að ná til 50 milljóna notenda en Facebook 3,5 ár að ná til sama fjölda. Tölvuleikurinn Angry Birds náði til 50 milljón notenda á rúmum mánuði!



**Formlega skólakerfið**

Áhrif yfirstandandi breytinga á líf fólks eru að mestu ófyrirséð. Á skömmum tíma hafa orðið miklar breytingar á því hvaða hæfni og menntun telst nauðsynleg til að halda samfélaginu gangandi. Ekki er langt síðan mikilvægasta hæfnin tengdist grunnþörfum, s.s. matvælavinnslu og klæðagerð, en nú og í framtíðinni er þekking á ýmiss konar hugbúnaði mikilvægust.

Formlega skólakerfið getur ekki og á alls ekki í flestum tilfellum að þjálfa fólk til ákveðinna verka. Sú menntun á sér stað á vinnustöðum úti í atvinnulífinu. Fyrirtæki þurfa að vera virk við sí- og endurmenntun starfsmanna sinna samhliða tæknibreytingum. Menntun til ákveðinna starfa er þegar farin að flytjast inn í atvinnulífið – vinnustaðurinn á og þarf að vera námsstaður.

Áherslan á vinnustaðinn sem námsstað dregur ekki úr mikilvægi formlega skólakerfisins. Í grunnskóla og að hluta í framhaldsskóla eiga nemendur að læra það sem tekur langan tíma og það sem ekki verður lagt undir mælistiku um hæfni á ákveðnum sviðum.

Endurmenntun á vinnustað hefur gjarnan það markmið að starfsmaður tileinki sér færni við að ná tökum á nýrri tækni eða verklagi en markmiðið í formlega skólakerfinu er víðtækara.

> **Það tók símann 75 ár að ná til 50 milljóna notenda en Facebook 3,5 ár að ná til sama fjölda.**

**Vinnumarkaður framtíðarinnar**

Þrátt fyrir hraða nútímans verður sumt ekki numið á hraðferð. Færni í tónlist, tungumálum og íþróttum verður aðeins náð með áralangri ástundun.

Formlega skólakerfið þarf að undirbúa fólk fyrir síbreytilegan heim. Þeir eiginleikar sem vinnumarkaðurinn mun kalla eftir í framtíðinni eru framúrskarandi samskiptahæfni, hæfni til að takast á við breytingar og tileinka sér ný viðhorf og tækni, hæfileiki til að vinna með öðrum, sveigjanleiki og gagnrýnin hugsun.

Fram undan eru spennandi tímar og yngri kynslóðir mæta nýjum áskorunum með opnum huga og tileinka sér nýja tækni um leið og hún er aðgengileg. Í áskorunum tæknibyltingarinnar felast endalaus tækifæri fyrir atvinnulífið sem nýta þarf í góðri samvinnu aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

# Takk, strákar!



**Helga Hlín Hákonardóttir**
hdl., meðeigandi Strategíu og FKA-félagskona

Ég er búin að ætla að skrifa þessa grein í nokkra mánuði. Allt frá því að ég fékk hálfgert menningarsjokk á ráðstefnu í Lúxemborg þar sem ég var í panel og ræddar voru leiðir til að auka hlut kvenna í fjármálaheiminum. Ég vissi alltaf að við konur á Íslandi hefðum haft það gott um langt skeið miðað við konur í öðrum löndum. Þó með þeim fyrirvara að við erum auðvitað ekki komin í land og jafnrétti verður á dagskrá enn um stund.

En ég hafði sem sagt ætlað mér að beina konum í auða sæti stjórnandans sem bæri ábyrgð á starfrænni þróun fjármálafyrirtækja. Starfið væri óskrifað blað og engin staðalímynd sæti þar. Konur eru enda kaupendur að 80% af vörum og þjónustu til heimilanna og eiga aldeilis að geta sett sig í spor neytenda og þróað „outside in“ lausnir og landað slíkum stjórnunarstöðum.

Hvort þetta ráð mitt gagnist einhverri þeirra veit ég ekki. Ég var hins vegar umsvifalaust rifin aftur í tímann þar sem raunveruleika þessara evrópsku kvenna er að finna. Þær voru ekki alveg komnar á þennan stað og þurftu önnur ráð. Því þær fresta barneignum – enda lýkur frama konu þegar hún eignast barn með manni sínum. Konum er borgað fyrir að vera heima að sinna börnum. Dagvist kostar augun úr. Þær mega ekki tala um jöfn laun kynja innan vinnustaðarins því þá er gert grín að þeim. Femínisti, er hrópað – sem er það versta sem heyrist. Þær komast ekki í æðstu stjórnunarstöður. Þær eru að bugast af heimilishaldi þótt þær gegni áhrifastöðum og eigi vel viljandi eiginmenn. Þannig er þetta menningin. Þetta er svolítið bara þeirra mál. Og svo framvegis. Út af svolitlu.

Það rauk úr hausnum á mér á heimleiðinni. Hvers vegna í fjáranum er Ísland komið svona langt á undan öðrum Evrópulöndum?

Niðurstaða mín var sú að sama hversu hörð kvenréttindabaráttan getur orðið – þá gerist lítið án þess að strákarnir taki þátt. Og ekki misskilja mig – ég ber ómælda virðingu fyrir kvenréttindakonum og lít sannarlega á mig sem slíka. Barátta er gott hreyfiafl – en einhliða átök ekki. Samskipti og samstarf eru lykillinn að góðri baráttu. Og í henni hafa íslensku strákarnir tekið þátt. Takk fyrir það, strákar.



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
um jólin
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM
PREMIUM QUALITY
SINCE 1925
HENSON DESIGN
Gæðarúm í miklu úrvali
Öll sæti og bak stillanlegt
RICCARDO rafstillanlegur tungusófi
BRUNSTAD
Brunstad hvíldarstóll
Öll sæti stillanleg
ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanleg rúm
Svefnsófar í miklu úrvali og mörgum litum. Nokkrar stærðir í boði.
CALIA ITALIA
CALIA ITALIA
JACOB stóll frá Calia Italia
SITTING VISION hvíldarstólar
Öll sæti stillanleg
ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanlegur höfuðpúði
GRACE hægindastóll
ORACOL tungusófi
CALIA ITALIA
BUGATTI ITALY
RÚM • SÓFAR • HVÍLDARASTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR
VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN
SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16
554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR BETRI HVÍLD

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 6. desember 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Guðjón Rúnarsson til Atlantik

Guðjón Rúnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), hefur tekið til starfa hjá lögmannsstofunni Atlantik Legal Services.

Guðjón, sem er lögfræðingur að mennt, var framkvæmdastjóri SFF og forvera þeirra allt frá árinu 2000 en lét þar af störfum í september í fyrra. Hann var skipaður formaður fimm manna nefndar síðastliðið sumar sem hafði það hlutverk að fara yfir niðurstöður starfshóps um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Átti nefndin að taka afstöðu til þess hvort ástæða væri til að gera breytingar á núverandi skipan mála og skila tillögum til fjármála- og efnahagsráðherra.


**Guðjón Rúnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri SFF**

Lögmannsstofan Atlantik hagnaðist um tæplega 33 milljónir á árinu 2016 og námu tekjur félagsins samtals 194 milljónum. Á meðal starfsmanna stofunnar eru lögmennirnir Benedikt Einarsson, Eiríkur Elís Þorláksson og Bogi Guðmundsson. **– hae**

**03.12.2017**

**Við eiginlega markaðssettum vörurnar fyrir þá [Costco] hérna á Íslandi og ég held bara að þeir hafið verið að fylgjast með okkur.**

Jón Gerald Sullenberger, eigandi Kosts



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Íslenskt eða erlent

**Jón Gnarr** skrifaði frábæran pistil í vikunni um ágæti og mikilvægi íslenskrar sjónvarpsframleiðslu. Þar benti hann á að RÚV þjónar ekki almannahagsmunum með sýningu á erlendu Hollywood-efni, heldur ætti í raun að draga úr kaupum á slíku efni og gera innlendri dagskrárgerð enn hærra undir höfði.

**Jón bendir** á að óhagkvæmni sé í því fólgin að RÚV kaupi handrit að innlendu efni utan úr bæ og láti síðan framleiðslufyrirtæki um alla framleiðsluna. Þvert á móti væri hagkvæmara ef innandyra væri sérstakt þróunarsvið sem ynni úr góðum hugmyndum og skilaði handritum í framleiðslu. Þeim handritum sem þaðan kæmu mætti svo koma til framleiðslufyrirtækjanna sem að endingu myndu skila fullunninni vöru. Þannig fengist ekki bara fram hagræðing, heldur myndi RÚV einnig njóta ríkari verndar hvað varðar rétt á því efni sem framleitt er til sýninga á RÚV.

**Nú er** ljóst að fólk sem þekkir til sjónvarpsbransans á Íslandi leggur við hlustir þegar Jón talar, enda er hann mögulega sá maður sem allra mest hefur lagt til íslenskrar dagskrárgerðar á undanförnum árum. Nægir þar að nefna hlutverk hans í Vaktaseríunum svokölluðu, kvikmyndina Bjarnfreðarson og áramótaskaupið síðasta.

**Eitt í pistli** Jóns vakti athygli og það var sú játning að hann nálgist sjónvarpsefni á erlendum streymisíðum gegnum krókaleiðir. Nefndi hann sérstaklega efni frá HBO. Engu er líkara en að Jón hafi gleymt sér eitt augnablik en Stöð 2, sem nú er í eigu Fjarskipta, er einkaleyfishafi á HBO-efni á Íslandi. Jón er því í raun að játa á sig ólöglegt athæfi. Enginn skyldi ætla að þetta sé annað en yfirsjón eða hugsunarleysi hjá Jóni, en í þessari litlu setningu hans kristallast samt afstaða margra til réttinda á afþreyingarefni. Fólk spáir ekki í að með því að fara krókaleiðir er verið að snúa höfunda, leikara og fleiri.

**Þetta veit** Jón vel og hefur fundið á eigin skinni. Hvað ætli Vaktaþáttunum hafi verið halað oft niður án þess að greitt hafi verið fyrir? Þjófnaðurinn er engu léttvægari þótt erlendir aðilar eigi í hlut. Munurinn er bara sá að auðveldara er að setja sig í spor blanka íslenska leikarans, frekar en aukaleikara í bandarískri stórmynd sem vart á fyrir salti í grautinn. Umhugsunarvert.


ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

www.pwc.is



**Hvað eru verðmæti fyrir þig?**

Verðmæti í fyrirtækjarekstri geta verið margskonar, bæði persónuleg og fjárhagsleg. Minnka áhyggjur, útvista bókhaldinu, stækka reksturinn, lágmarka áhættu, hagræða, auka hagnað.

Það er sama hverskonar verðmætum þú sækist eftir, PwC aðstoðar þig við að skapa þau.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur

# Óðinn á fullu á Fjóni

**Óðinn Þór Ríkharðsson, leikmaður FH, fer til danska stórliðsins GOG næsta sumar. Liðið spilar bolta sem hentar honum og skilar mönnum í stærri félög.**

**HANDBOLTI** Óðinn Þór Ríkharðsson, tvítugur hægri hornamaður FH í Olís-deild karla í handbolta, gekk í gær frá þriggja ára samningi við danska úrvalsdeildarliðið GOG sem er í titilbaráttunni þar í landi. FH-ingar fá þó tíma til að jafna sig á missinum því hann fer ekki fyrr en eftir tímabilið hér heima þar sem FH er í baráttu um alla titla sem í boði eru.

„Þetta er eitthvað sem er búið að vera í gangi frá því í byrjun tímabils. Það voru nokkur lið sem vildu fá mig en í mínum huga var aldrei spurning um að GOG yrði fyrir valinu. GOG spilar hraðan bolta sem ég tel að henti mér fullkomlega. Þetta verður flott fyrsta skref fyrir mig. Þetta er lið sem keyrir yfir mótherjana,“ segir Óðinn Þór við íþróttadeild, en það er ekki ólíkt handboltanum sem hann er að spila með FH.



**Óðinn Þór var valinn í úrvalslið HM U19 árið 2015 og einnig í úrvalsliðið á EM U20 á síðasta ári.**

> **Þetta verður flott fyrsta skref fyrir mig. Þetta er lið sem keyrir yfir mótherjana.**
> Óðinn Þór Ríkharðsson

### Býr til leikmenn

GOG er staðsett í bænum Gudme á Fjóni þar sem Óðinn þarf nú að taka sinn leik upp á næsta þrep en GOG er þekkt fyrir að spila mjög hraðan handbolta og vera á fullu allan tímann. Þetta er leikstíll sem Bent Nygaard, fyrrverandi þjálfari liðsins og núverandi sérfræðingur TV2, kom af stað fyrir mörgum árum. Liðið hefur skilað af sér hverjum heimsklassa leikmanninum á fætur öðrum en þarna spiluðu til dæmis dönsku ofurstjörnurnar Lasse Svan Hansen, Niklas Landin og Mikkel Hansen. Guðmundur Guðmundsson þjálfaði liðið í eitt ár frá 2009-2010 og þarna spiluðu einnig íslensku landsliðsmennirnir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Snorri Steinn Guðjónsson.

GOG er enn að skila af sér leikmönnum í stærri lið, en það er nú að missa danska hægri hornamanninn Mark Strandgaard til Arons Kristjánssonar í Álaborg og virðist ætla að fylla í skarðið með Óðni sem verður, eins og staðan er, eini leikmaðurinn í liðinu sem er ekki frá Danmörku eða Noregi. Þá er þýska stórliðið Flensburg að hirða tvo leikmenn GOG næsta sumar.

### Langar á toppinn

Óðinn hefur verið lykilmaður í sterkum árgangi í unglingalandsliðum Íslands um nokkurra ára skeið og fékk eldskírn sína með A-landsliðinu gegn Svíum á dögunum. Hann langar með strákunum okkar til Króatíu.

„Maður vonast að sjálfsögðu til þess að verða valinn. Það væri alveg geggjað og maður heldur vitaskuld í vonina,“ segir Óðinn, en hver eru langtímamarkmiðin?

„Mig langar að spila fyrir topplið í Evrópu en ég tel að GOG sé rétti staðurinn fyrir mig á þessum tímapunkti. Seinna meir langar mig að spila í Meistaradeildarliði og komast í topplið í Evrópu. Það er markmiðið mitt,“ segir Óðinn Þór Ríkharðsson. tomas@365.is










# Greiðslumáti framtíðar kemur fyrst til landsins

**Þann 6. desember árið 1993 voru debetkortin tekin upp hér á landi í fyrsta sinn. Ekki voru allir sáttir við þessi kort á þeim tíma, frekar en í dag, og töluvert var mótmælt, en svo er nú komið að nánast engin viðskipti fara fram með reiðufé, hvað þá ávísunum.**

Á þessum degi fyrir 24 árum voru debetkort tekin upp í fyrsta sinn hér á landi. Mörgum kann að bregða við þessar fregnir, enda debetkortin ansi stór hluti lífs okkar í nútímanum en þó er ekki lengra síðan en þetta að kortin urðu að þessum ómissandi hluta lífs okkar, nánast framlenging líkamans – eða að minnsta kosti heilans.

Auglýsing frá bönkunum birtist meðal annars í DV og Morgunblaðinu þar sem kortin voru kynnt til sögunnar og kostir þeirra taldir upp. Meðal annars voru þau sögð nútímalegur og þægilegur greiðslumiðill og vera fjögur kort í einu; staðgreiðslukort, hraðbankakort, ábyrgðarkort og bankakort. Þeir sem tryggðu sér kort snemma þurftu ekki að greiða færslugjöld af þeim fram að 1. apríl 1994 og ekkert árgjald fyrir árið 1994.

Þó voru ekki allir sáttir við þessa nýjung – Kaupmannasamtök Íslands mótmæltu upptöku „greiðslumáta framtíðarinnar“, til þess að leysa vanda fortíðarinnar“ og var þá snúið á orð bankanna sem sögðu kortin greiðslumáta framtíðarinnar. Í blöðum birtist meðal annars auglýsing með yfirskriftinni „Látum ekki ráðast á okkur með korti og klóm“.

Undir mótmælin skrifuðu ÁTVR, Apótekarafélag Íslands, allir stórmarkaðir, Bílgreinasambandið, Félag íslenskra stórkaupmanna, Fríhöfnin í Keflavík, Flugleiðir, Landssamband iðnaðarmanna, Olíufélögin, Samband samvinnuverslana, Samband veitinga- og gistihúsa og fleiri.




**Þessi auglýsing birtist í öllum helstu dagblöðum landins til að hvetja fólk til að taka upp debetkortið.**




**Það voru ekki allir sáttir við nýju kortin, sérstaklega ekki gjöldin sem þeim fylgdu.**

Í auglýsingunni var ýmislegt talið til sem þessum hópi fannst ekki gott, þar á meðal að bankarnir myndu hækka verðið á notkun ávísanahefta, hækka vöruverð með því að krefjast þjónustugjalds af verslunareigendum og að notendur debetkortanna yrðu skikkaðir til að greiða færslugjöld. Helst var fólk þó ósátt við að vera hálf neytt til að taka kortin upp.

„En við mótmælum einhliða ákvörðunum íslenska bankakerfisins um stóraukna álögur á einstaklinga og fyrirtæki í tengslum við debetkortið og upptöku þess.

Við skorum á íslenska neytendur og viðskiptavini bankanna að standa með okkur í baráttunni gegn einokun bankanna í þessu máli.

Við skorum á kaupmenn og aðra þjónustuaðila á Íslandi að gera ekki samning við kortafyrirtæki bankanna um þjónustugjaldtöku vegna debetkorta fyrr en samráðshópur KÍ gegn gjaldtöku vegna debetkorta hefur lokið störfum.“

Í dag hafa kort komið í staðinn fyrir notkun reiðufjár hér á landi. Þó, eins og kom fram í frétt Fréttablaðsins í desember í fyrra, notum við Íslendingar kreditkort töluvert minna en gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við:

„Áætluð notkun debetkorta á Íslandi var aðeins um 34 prósent á árinu 2014 en til samanburðar var notkun debetkorta í Noregi helmingi meiri – eða um 68 prósent. Í Danmörku var hlutfallið um 64 prósent og í Svíþjóð um 55 prósent.“ **stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Ástkær móðir okkar, amma, langamma og systir,

**Guðmunda Sigurborg Halldórsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk síðastliðinn laugardag. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Elín Ágústa Ingimundardóttir, Halldór Jón Ingimundarson, barnabörn og barnabarnabörn.**
**Svava Halldórsdóttir, Gísli Halldórsson og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Sveinn Rúnar Björnsson**
rafvirkjameistari og harmonikkuleikari, Vallarbyggð 2, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold sunnudaginn 26. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 8. desember kl. 13.00.

**Dýrleif Pétursdóttir**
**Pétur Sveinsson** **Una Snorradóttir**
**Björn Sveinsson**
**Margeir Sveinsson** **Helga Benediktsdóttir**
**Guðjón R. Sveinsson** **Þóra B. Andrésdóttir**
**Jóhann R. Björnsson**
**G. Erna Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför hjartkærs föður míns, tengdaföður, afa og langafa,

**Páls Ólasonar**
húsgagnabólstrara frá Siglufirði, Lækjasmára 6, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær hjartadeild Landspítalans fyrir góða umönnun.

**Þuríður Pálsdóttir** **Knútur Kristinsson**
**Súsanna Kristín Knútsdóttir** **Auðunn Jónsson**
**Hólmfríður Knútsdóttir** **Ingólfur Finnbogason**
**Páll Óli Knútsson**
**Knútur Þór, Agnes Lind, Friðrik Óli, Soffía og Finnbogi**

---



✝

**Þórdís Gunnarsdóttir**
Öldugötu 25a,

andaðist á Borgarspítalanum 3. desember sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Systkini hinnar látnu,**
**Gunnar B. Gunnarsson**
**Pétur Gunnarsson**
**Sigrún Gunnarsdóttir**
**Ásdís Gunnarsdóttir**
**Þorgeir Gunnarsson**
**Sigurjón Gunnarsson**

---



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Haraldsson**
Deddi prentari,

lést á sjúkrahúsinu í Neskaupstað 2. desember sl. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 8. desember kl. 14.00. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

**Sigrún Geirsdóttir**
**Berglind Guðmundsdóttir** **Heimir Þorsteinsson**
**Bergrós Guðmundsdóttir** **Gísli Gíslason**
**Gerður Guðmundsdóttir** **Grétar Örn Sigfinnsson**
**Hafdís Lilja Haraldsdóttir** **Guðmundur Haraldsson**
**og önnur barnabörn.**

---



✝

Okkar kæri

**Guðlaugur Júlíus Breiðfjörð**

lést á Landspítala í Fossvogi að kvöldi 19. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

**Ásgeir Þorsteinsson og fjölskylda.**

---



✝

Systir okkar,

**Sigrún Arnþórsdóttir**
Sandgerði, Glerárþorpi,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 30. nóvember. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 15. desember kl. 10.30.

**Matthea Arnþórsdóttir**
**Einar Arnþórsson**
**Margrét Arnþórsdóttir**

---



✝

Móðir okkar og tengdamóðir,

**Ragnheiður Sigurgrímsdóttir**
frá Holti í Stokkseyrarhreppi,

andaðist miðvikudaginn 29. nóvember á dvalarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 9. desember kl. 14.00.

**Hlín Pétursdóttir Behrens** **Einar Jón Einarsson**
**Hákon Jens Behrens** **Tanja Uršič**

---



✝

Systir mín,

**Ólöf Ríkarðsdóttir**

lést 26. nóvember. Útför hennar fer fram 8. desember klukkan 15.00 frá Grafarvogskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg.

**Ásdís Ríkarðsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristbjargar Maríu Jónsdóttur**
kennara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Jón Agnar Ármannsson**
**Gunnar Skúli Ármannsson** **Helga Þórðardóttir**
**Óskar Ármannsson** **Bára Elíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

Við óskum höfundum Forlagsins til hamingju
með tilnefningarnar til Fjöruverðlaunanna

2017

FJÖRU VERÐLAUNIN













**BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR**



Spennandi saga fyrir unga lestrarhesta. Brynhildur Þórarinsdóttir hefur getið sér gott orð fyrir barnabækur sínar og hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir söguna *Leyndardómur ljónsins*.

**UNNUR JÖKULSDÓTTIR**



*„Dásamlegt listaverk … ein fallegasta bók sem út hefur komið hér á landi. Texti Unnar er aðgengilegur og skemmtilegur …“*

**STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR**
**VIKAN**

**KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR**



Skáldsaga fyrir unglinga jafnt sem fullorðna um borgarastyrjöldina í Sýrlandi, afdrif fólks og örlög sem byggð er á viðtölum, fréttum og heimildum.

**KRISTÍN EIRIKSDÓTTIR**



*„Kristín er einn af okkar flottustu ungu höfundum … hún hefur alveg einstaka sýn.“*

**EGILL HELGASON / KILJAN**

★★★★

**HILDIGUNNUR ÞRÁINSDÓTTIR**
**MORGUNBLAÐIÐ**

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–17 | **www.forlagid.is**



# MIKIÐ ÚRVAL FYRIR ALLA!




TILBOÐSVERÐ: 2.299.-
Verð: 3.499.-

Handbók fyrir ofurhetjur




TILBOÐSVERÐ: 2.699.-
Verð: 3.999.-

Af hverju ég?




TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð: 4.899.-

Bieber og Botnrassa




TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð: 4.999.-

Ferðin til Mars




TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð: 4.999.-

Dagbók Kidda klaufa -
Furðulegt ferðalag




TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð: 4.799.-

Gulbrandur Snati
og nammisjúku njósnararnir




Brandarar og gátur 2
TILBOÐSVERÐ: 1.299.-
Verð áður: 1.999.-




Leyndarmál Lindu
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 4.899.-




Áfram Sigurfljóð
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.299.-




Lára fer í sund
TILBOÐSVERÐ: 1.299.-
Verð áður: 1.799.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON




Geimverur




Henri hittir í mark




Fuglar




Þúsund kossar




Passamyndir




Blóðug jörð




**Claessen - Saga fjármálamanns**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 7.499.-




**Allt kann sá er bíða kann**
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 7.499.-




**Einu sinni var í austri**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.399.-




**Tvennir tímar**
**TILBOÐSVERÐ: 4.399.-**
Verð áður: 6.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 7. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Víða allhvass norðaustan vindur með snjókomu á köflum á norðaustanverðu landinu en léttir til sunnanlands. Hvessir heldur austan til með deginum, stormur í kvöld á Suðausturlandi. Kalt í veðri.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -4° | -8° | -9° |
| ↓6 | ↖1 | ↘7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -8° | -7° | -12° |
| ↘11 | ↓8 | ↓9 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -4° | -11° | -10° |
| ←4 | ↗5 | →6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -10° | -10° | -14° |
| ↘8 | ↘12 | ↓3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 6 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fall
6. gat
8. forsögn
9. lepja
11. fyrir hönd
12. rusl
14. viðburður
16. frá
17. skammstöfun
18. festing
20. í röð
21. svara

**LÓÐRÉTT**
1. jarðvegur
3. í röð
4. skynja
5. lík
7. olíuvaxefni
10. fálm
13. því næst
15. flink
16. fóstra
19. sjúkdómur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. hrun, 6. op, 8. spá, 9. lap, 11. pr, 12. drasl, 14. atvik, 16. af, 17. ofl, 18. lím, 20. aa, 21. ansa.
**LÓÐRÉTT:** 1. mold, 3. rs, 4. upplifa, 5. nár, 7. parafín, 10. pat, 13. svo, 15. klár, 16. ala, 19. ms.

## Skák Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (Hugin-a) átti leik gegn Baldri A. Kristinssyni (Hugin-b) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**29. Hb7! 1-0.** Svarta drottningin fellur eftir **29...Dxb7 30. Hg7+.** Róbert Lagerman sigraði á Jólaskákmóti Vinaskákfélagsins sem fór fram sl. mánudag.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 6 |
| DADDY'S HOME 2 VIP | KL. 5:40 - 8 | VIP |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 - 6:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 10:20 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 6 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 4:50 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:10 - 7:45 - 10:20 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 7:45 - 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | 6 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 6. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** COW #3 / John Cage
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
John Cage er í brennidepli á tónleikum í tónleikaröðinni COW. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Listaháskóla Íslands þar sem þeir eru liður í námskeiðinu Flytjandinn/tónskáldið sem kennt er við tónlistardeild skólans. Húsið verður opnað klukkan 19.30. Miðaverð: 2.000 krónur.

**Hvað?** Árný í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Gamla bíói
Tónlistarkonan Árný Árnadótir mun flytja hugljúfa dinnertónlist í bland við eigið efni ásamt Jónasi Orra Matthíassyni gítarleikara. Árný gaf nýverið út lagið Nowhere I'd Rather Be, en það er fyrsta lagið af væntanlegri plötu sem mun líta dagsins ljós í byrjun næsta árs.

**Hvað?** Ilmur af jólum í Reykholti, Borgarfirði
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Reykholtskirkla
Hera Björk leiðir okkur inn í jólahátíðina ásamt góðum gestum úr heimabyggð. Með í för verða eðalmennin Björn Thoroddsen gítarleikari og Ástvaldur Traustason píanóleikari.

### Viðburðir

**Hvað?** Menningarkvöld á Húrra: Jón Gnarr, Kristín Eiríks, Dóri DNA o.fl
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Menningarkvöld Teits Magnússonar á Húrra: Jón Gnarr, Kristín Eiríks, Dóri DNA, Oddný Eir og Fríða Ísberg lesa upp. Kristín Anna verður með atriði, Haukur Valdimar fremur gjörning og Mads Mouritz spilar og syngur dönsk gæðalög inn á milli.

**Hvað?** Höfundakvöld - Jólabókaupplestur og spjall
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Grófinni
Borgarbókasafnið í Grófinni býður til höfundakvölds. Þau Gerður Kristný, Jónas Reynir Gunnarsson og Stefán Máni lesa úr og spjalla um nýútkomnar bækur sínar.

**Hvað?** Miðill – efni – merking: Leiðangur að list Önnu Líndal
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
„Miðill – Efni – Merking: Leiðangur að list Önnu Líndal" er heiti fyrirlestrar Ólafar K. Sigurðardóttur, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, sem fer fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu í dag. Ólöf er sýningarstjóri yfirlitssýningarinnar Leiðangur á verkum Önnu Líndal, sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum.

**Hvað?** Pioneer DJ sýning
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti
Stórsýning á öllu því helsta frá Pioneer DJ í boði pioneerdj.is. Boðið er gestum að koma og prófa heyrnartól, DJ spilara, DJ mixera, plötuspilara, kontrólers, próduksjón græjur og fleira.

**Hvað?** Hlemmur Geithöll
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hlemmur – Mathöll
Hlemmur Mathöll verður Hlemmur Geithöll í dag á milli 16 – 18. Útskriftarnemar í meistaranámi í hönnun við Listaháskóla Íslands standa þar fyrir viðburði tileinkuðum íslensku geitinni.

**Hvað?** Predator - 30 ára afmælissýning, aukasýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Predator fjallar um hóp úrvalshermanna sem er sendur inn í frumskóg í Mið-Ameríku til að uppræta eiturlyfjahring. Fljótlega verða kapparnir varir við óvætt frá framandi plánetu, sem situr um þá. Hefst þá leikur kattarins að músinni. Arnold Schwarzenegger og þú á partýsýningu!

**Hvað?** Pop-up verslun Pippu, Pastelpaper og Tiny Trésor
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hverfisgötu 16
Hönnunarmerkið Pastelpaper, partíbúðin Pippa.is og lífsstílsverslunin Tiny Trésor munu poppa upp á Hverfisgötunni með glæsilegt úrval af varningi til sölu.

**Hvað?** Verkstæðakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi
Verkstæðakvöld Listaháskóla Íslands verður haldið í fyrsta sinn í kvöld. Í húsnæði Listaháskólans að Laugarnesvegi 91 eru ljósmyndaver, prentverkstæði, trésmíðaverkstæði, málmsmíðaverkstæði, mótunarverkstæði og vídeóver. Verkstæðin verða opin þetta eina kvöld.

**Hvað?** Upplestur áhugahöfunda
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gröndalshús, Fischersundi
Í nóvember hefur Borgarbókasafnið í Grófinni boðið þátttakendum í alþjóðlega ritsmíðaverkefninu NaNoWriMo húsrúm, rjúkandi kaffi og velyddaða blýanta – allt til þess að styðja við bakið á höfundunum. NaNoWriMo gengur út á að skrifa uppkast að heilli skáldsögu, eða 50.000 orð, á einum mánuði.






# Jólakúluuppboð fyrir Pieta

Elenu Teuffer, formanni prjónaklúbbsins í Grafarvogskirkju, datt nýverið í hug að setja á laggirnar hönnunarsamkeppni fyrir prjónafólk í þeim tilgangi að afla fjár fyrir félagasamtök.

„Pieta-samtökin urðu fyrir valinu þar sem þetta eru tiltölulega ný félagasamtök sem standa nú í stórræðum. Þau eru að opna aðstöðu þar sem hægt verður að taka á móti fólki í sjálfsvígshugleiðingum og aðstandendum þess," segir Elena. Keppnin fer þannig fram að prjónarar leggja inn jólakúlur og fólk getur núna kosið fallegustu kúluna í rafrænni kosningu á vef Grafarvogskirkju.

Spurð út í hvort hún eigi sér uppáhaldskúlu af þeim 30 stykkjum sem voru sendar inn í keppnina segir Elena: „Þar sem ég sendi sjálf kúlu í keppnina er ég náttúrulega frekar hlutdræg. En mér finnst þær allar fallegar á sinn hátt og það er augljóst að mikil hugmyndavinna og alúð liggur á bak við hverja kúlu."


Nokkrar af þeim flottu jólakúlum sem verða á uppboðinu.

Verðlaun verða veitt og kúlurnar svo boðnar upp næsta sunnudag í Grafarvogskirkju eftir messuna sem hefst klukkan 11.00. – **gha**





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Killing of a Sacred Deer | 17:45, 22:30 |
| The Party | 18:00, 23:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB | 18:00 |
| The Predator | 20:00 |
| Botoks ENG SUB | 20:00 |
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 20:00 |
| Mother! | 22:00 |






**ÍSSKÁPASTRÍÐ**
KL. 20:05
Skemmtilegur lokaþáttur þar sem Eva Laufey og Gummi Ben. fá til sín góða gesti í fjörugasta matreiðsluþátt landsins og eins og fyrri daginn eru það matreiðslusnillingarnir Hrefna Sætran og Siggi Hall sem sjá um dómgæsluna.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:35
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



**BLACK WIDOWS**
KL. 20:50
Þær eru mættar aftur, svörtu ekkjurnar, í glænýrri og hörkuspennandi skandinavískri seríu þar sem þær hafa ráð undir rifi hverju til þess að viðhalda lífsstíl sem þeim líkar.




**TEN DAYS IN THE VALLEY**
KL. 21:35
Farsæll sjónvarpsframleiðandi stendur í erfiðu skilnaðarmáli og skyndilega snýst veröld hennar á hvolf, bæði í vinnu og einkalífi. Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í aðalhlutverki.



**WENTWORTH**
KL. 22:25
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.




**NASHVILLE**
KL. 23:15
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**CLOSED CIRCUIT**
KL. 22:00
Martin og Claudia eru lögfræðingar sem starfa saman og deila einnig sameiginlegri fortíð en það setur þau í mikla hættu þegar þau taka að sér flókið verkefni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. **365.is**

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Blíða og Blær**
**07.45 The Middle**
**08.10 Mindy Project**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 50 Ways to Kill Your Mammy**
**11.05 My Dream Home**
**11.50 Logi**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Á uppleið**
**13.25 Grantchester**
**14.15 The Night Shift**
**15.00 Major Crimes**
**15.40 Anger Management**
**16.05 Nettir Kettir**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.25 Fréttayfirlit og veður**
**19.30 Víkingalottó**
**19.35 Jamie's 15 Minute Meals**
**20.05 Ísskápastríð** Önnur syrpa þessara skemmtilegu matreiðsluþátta í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben. Í hverjum þætti fá þáttarstjórnendur til sín keppendur sem þeir skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þeir að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni sem þeir þurfa að vinna úr innan ákveðins tímaramma til að töfra fram girnilega rétti. Að lokum fellur það í hlut dómaranna Sigga Hall og Hrefnu Sætran að velja sigurvegara kvöldsins.
**20.45 Black Widows**
**21.35 Ten Days in the Valley** Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í hlutverki handritshöfundar sem stendur í erfiðu skilnaðarmáli. Veröld hennar snýst skyndilega á hvolf þegar hún uppgötvar að dóttir hennar er horfin um miðja nótt og um leið hriktir í stoðum vinnunnar.
**22.20 Wentworth**
**23.15 Nashville**
**00.45 The Blacklist**
**01.30 The Good Doctor**
**02.20 The Mysteries of Laura**
**03.05 The Sinner**
**04.35 The Sinner**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15 Manchester United - CSKA Moscow**
**08.55 Meistaradeildarmörkin**
**09.25 Athletic Bilbao - Real Madrid**
**11.05 Spænsku mörkin**
**11.35 Þýsku mörkin**
**12.05 Bayern Munchen - PSG**
**13.45 Chelsea - Atletico Madrid**
**15.25 Barcelona - Sporting**
**17.05 Manchester United - CSKA Moscow**
**18.45 Meistaradeildarmörkin**
**19.15 Meistaradeildarmessan**
**21.45 Meistaradeildarmörkin**
**23.55 Shakhtar Donetsk - Manchester City**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.40 Atlanta Falcons - Minnesota Vikings**
**11.35 Oklahoma City - Minnesota Timberwolves**
**13.30 Everton - Huddersfield**
**15.15 Premier League Review**
**16.10 Mainz - Augsburg**
**17.55 B. Munchen - Hannover**
**19.40 Liverpool - S. Moscow**
**21.45 Tottenham - Apoel**
**23.35 Real Madrid - Dortmund**

## STÖÐ 3

**17.15 Gilmore Girls**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Fresh off the Boat**
**19.00 Modern Family**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Friends**
**20.25 Stelpurnar**
**20.50 Flash**
**21.35 Vice Principals**
**22.10 Junk Food Kids: Who's to Blame**
**23.05 Næturvaktin**
**23.35 Gotham**
**01.10 Modern Family**
**01.35 Seinfeld**
**02.00 Friends**
**02.25 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05 Áfram Diego, áfram!**
**07.29 Svampur Sveinsson**
**07.52 Lalli**
**07.58 Rasmus Klumpur**
**08.03 Strumparnir**
**08.28 Hvellur keppnisbíll**
**08.40 Ævintýraferðin**
**08.50 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.01 K3**
**09.14 Víkingurinn Viggó**
**09.28 Tindur**
**09.39 Mæja býfluga**
**09.50 Elías**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 K3**
**13.11 Víkingurinn Viggó**
**13.25 Tindur**
**13.36 Mæja býfluga**
**13.48 Elías**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 K3**
**17.11 Víkingurinn Viggó**
**17.25 Tindur**
**17.36 Mæja býfluga**
**17.48 Elías**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Jóladagatal Afa**
**19.05 Artúr og Minímóarnir**



**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.40 Golfing World**
**09.30 Omega Dubai Ladies Masters**
**12.30 PGA Highlights**
**13.25 Kowa Queens Cup**
**16.25 Golfing World**
**17.15 Omega Dubai Ladies Masters**
**20.15 Golfing World 2017**
**21.05 Hero World Challenge**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.30 Fed up**
**12.10 All The Way**
**14.20 Temple Grandin**
**16.10 Fed up**
**17.50 All The Way**
**20.05 Temple Grandin** Sannsöguleg og áhrifarík mynd sem byggð er á ævi Temple Grandin og fjallar um glímuna við einhverfu sem hún greindist með ung að árum. Í dag er hún einhver þekktasti búfjárfræðingur Bandaríkjanna og nýtur mikillar virðingar þar vestra.
**22.00 Closed Circuit**
**23.40 Lily & Kat** Gamanmynd frá 2015. Þegar Kat segir bestu vinkonu sinni Lily að hún sé að fara að flytja til Englands eftir eina viku ákveða þær að nota þann tíma sem eftir er til að skemmta sér ærlega. En sú áætlun á eftir að breytast verulega.
**02.50 Closed Circuit**

## RÚV

**14.20 Serbía - Holland**
**16.10 Jóhanna**
**17.20 Innlit til arkitekta**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Vinabær Danna tígurs**
**18.14 Klaufabárðarnir**
**18.21 Tobbi**
**18.25 Jóladagatalið: Snæholt**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós og Menningin**
**20.00 Einmana á miðjum aldri**
**20.35 Kiljan**
**21.15 Castle**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Netstríð**
**23.15 Kveikur**
**23.55 Kastljós og Menningin**
**00.15 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 The Tonight Show**
**09.45 The Late Late Show**
**10.25 Síminn + Spotify**
**13.15 Dr. Phil**
**13.55 The Great Indoors**
**14.20 Ilmurinn úr eldhúsinu**
**14.55 America's Funniest Home Videos**
**15.15 The Biggest Loser - Ísland**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Life in Pieces**
**20.10 Survivor**
**21.00 Survivor**
**21.50 Law & Order True Crime: The Menendez Murders**
**22.35 Better Things**
**23.05 The Tonight Show**
**23.45 The Late Late Show**
**01.10 How To Get Away With Murder**
**01.55 APB**
**02.40 Imposters**
**03.25 Nurse Jackie**
**03.55 Wisdom of the Crowd**
**04.40 Law & Order True Crime: The Menendez Murders**
**05.25 Better Things**
**05.55 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# GLEÐILEG SPILAJÓL!




## ÉG VEIT!

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt?
Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur?
Hljómar einfalt en tíminn er naumur...
ÉG VEIT! er stútfullt af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflið og hraða spilara.
Til að vinna þarf að hitta á orðin sem talin eru upp á spjöldunum og veðja á getu annarra spilara.




# FRÁBÆR BORÐSPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




## MITT FYRSTA ALIAS

**Mitt fyrsta Alias býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!**

Getur þú útskýrt orð án þess að nota neinn hluta orðsins? Hugsaðu hvar þú hefur séð hlutinn áður, hversu stór hann er eða hvernig hann lítur út. Það er hægt að skemmta sér og auka orðaforðann í leiðinni.

**Komdu með litríkum persónum í skemmtilegan orðaleik!**



netto

**KOMIN Í VERSLANIR!**

# „Enginn að saka Herra Hnetusmjör um að vera á móti hommum“

**Óskar Steinn Ómarsson** setur spurningamerki við texta nýja lagsins Giftur leiknum með Herra Hnetusmjöri. Hann segir að um skaðlegan texta sé að ræða, aðallega fyrir ungt fólk. Óskar Steinn tekur þó fram að hann trúi að textinn hafi verið saminn í hugsunarleysi.



Óskari Steini Ómarssyni var nokkuð brugðið þegar hann hlustaði á texta lagsins Giftur leiknum af nýrri plötu Herra Hnetusmjörs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rapparinn Árni Páll Árnason, betur þekktur sem Herra Hnetusmjör, var að senda frá sér plötuna KÓPBOI og texti fyrsta lags plötunnar hefur vakið mikla athygli. Í laginu fjallar hann um að hann hafi tekið fram úr meðal annars hommum, ræflum og kellingum.

Óskar Steinn Ómarsson er einn af þeim sem hafa lýst yfir undrun sinni á texta lagsins og fengið mikil viðbrögð. „Ég byrjaði að hlusta á þessa nýju plötu hjá Herra Hnetusmjöri. Og þegar ég hlustaði á fyrsta lagið var mér bara svolítið brugðið. Að þessi orð, hommar, faggar og kellingar séu notuð í þessu samhengi, sem níðyrði.“

Óskar tjáði sig um textann á Twitter. „Það eru greinilega margir sammála þessu og fólki finnst þetta skrýtið. Það eru margir búnir að taka þátt í umræðunni en það er ákveðinn hópur sem heyrist ekkert í, það er fólk úr senunni sjálfri,“ útskýrir Óskar.

Aðspurður hvort hann sé búinn að fá einhvern viðbrögð frá Herra Hnetusmjöri sjálfum segir hann: „Nei, ekki enn. En ég heyrði að hann væri einhvers staðar úti á landi og jafnvel ekki í netsambandi.“

### Ekki allir til í að taka slaginn

Margt fólk hefur þakkað Óskari fyrir að opna umræðuna um umræddan texta og sumt fólk hefur sagt honum að það sjálft hefði ekki þorað það. „Þetta er náttúrulega einn vinsælasti rappari landsins núna og það er þá alveg skiljanlegt að fólk vilji ekki taka þennan slag. Og ég skil líka alveg að fólk í senunni sé ekki tilbúið að segja félaga sínum að það sem hann er að gera sé yfir strikinu.

En ég held að við séum komin á þann stað, sérstaklega í kjölfar #metoo-byltingarinnar, að við vitum hvað svona stemning þrífst vel í skjóli þöggunar. Það er kannski svolítið það sem er í gangi í senunni núna. Fólk meikar ekki að taka þennan slag við þann sem er stór innan hennar.“

### Tvö brot úr laginu Giftur leiknum:

Tók fram úr hvolpum og kettlingum, ræflum, hommum og kellingum. Það er svo kalt á toppnum...

Ég er labbandi kóróna, þið eruð faggar og mjóróma. Ég er með fæturna á jörðinni...



### Skaðlegt fyrir yngri kynslóðir

Spurður út í hvaða áhrif svona texti geti haft á ungt fólk að hans mati segir Óskar: „Ég held að þetta geti haft slæm áhrif, sérstaklega ef þetta normalíserast. Ég man til dæmis eftir því þegar ég var í grunnskóla þá var mikið verið að nota „homminn þinn“ til að niðurlægja. Ef maður var kallaður hommi þá var það kannski af því að maður þótti aumingi eða skrýtinn.

Það getur verið sérstaklega erfitt fyrir t.d. 14 ára ungling, sem er kannski að velta því fyrir sér hvort hann sé samkynhneigður, að orðið „hommi“ sé hlaðið neikvæðri merkingu,“ útskýrir Óskar. Hann segir langt síðan hann heyrði „hommi“ notað sem níðyrði og að texti Herra Hnetusmjörs sé skref aftur á bak.

„Það er mikilvægt að við drögum línuna núna og minnum á að við séum komin yfir þetta. Þetta eru mjög ungir krakkar og ungir listamenn sem horfa upp til þessara stráka. Þeir eru fyrirmyndir.“

Að lokum bætir Óskar við að hann gruni að um hugsunarleysi sé að ræða hjá Herra Hnetusmjöri. „Það er náttúrulega enginn að saka Herra Hnetusmjör um að vera á móti hommum. Það er ekki það sem þetta snýst um. Ég held að enginn trúi því. Það er bara verið að benda á að notkun þessara orða í þessu samhengi geti verið skaðleg.“ gudnyhronn@365.is



# Meira fínt



**8.999 kr**



**8.999 kr**



**11.999 kr**



**8.999 kr**



**8.999 kr**



**15.999 kr**



**16.999 kr**



**16.999 kr**



**19.999 kr**

Skórnir fást í Skeifu, Smáralind og Garðabæ

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*

# SKATA

( Besta skata og langbesta verðið )

1.390 kr.kg

Vinir og ættingjar í útlöndum vilja ekta þorláksmessuskötu.
Takið með ykkur og gleðjið nákomna.

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1


MARGAR TEGUNDIR, GERÐIR OG STYRKLEIKAR.

# Notalegar og hlýjar jólagjafir

Komdu í Dorma



ÓTRÚLEGT jólatilboð
Dúnsæng + dúnkoddi

SCANDINAVIAN BEDDING

**TVENNUTILBOÐ**
Dúnsæng og dúnkoddi

Sæng 140 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 9.900 kr
Koddi 50x70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 4.900 kr.
Fullt verð samtals: 14.800 kr.



Aðeins **9.900 kr.**

**DÚNSÆNGUR**
**Mikið úrval**
Einbreiðar, tvíbreiðar og barnasængur.

JÓLA-TILBOÐ

**DORMA DELUX DÚNSÆNG**
Sérlega hlý og mjúk

600 gr. dúnsæng, 140x200 cm
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

25% AFSLÁTTUR af DORMA LUXE

QUILTS OF DENMARK®

Fullt verð: 23.900 kr.

Nú aðeins **17.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast






**Borgin Teheran að kvöldi til. Fylgjendum Ólafs í Íran hefur fjölgað mjög mikið á undanförnum árum, honum til mikillar gleði.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Ólafur Arnalds spilar í Íran

Tónlistarmaðurinn **Ólafur Arnalds** heldur á vit ævintýranna í vikunni og spilar fyrir um 4.000 manns í Teheran í Íran. Hlutfall íranskra fylgjenda Ólafs á samfélagsmiðlum varð til þess að hann vildi spila fyrir þá. Seldist upp á tvenna tónleika á klukkutíma.

Mig hefur lengi dreymt um að fá að spila í Íran, aðallega vegna þess að mig langar að sjá landið og kynnast fólkinu þar,“ segir Ólafur Arnalds en hann mun spila á fimm tónleikum í Teheran og einnig í borginni Shiraz. „Það seldist upp á fyrstu tvo á minna en klukkutíma. Við bættum því þremur í viðbót og munum því spila fyrir samtals 4.000 manns í Teheran. Auk þess munum við líka spila eina tónleika í Shiraz,“ segir Ólafur sem er að fara í fyrsta skipti til landsins.

„Ég er smá kúltúr-nörd og eyði miklum tíma í að lesa um aðra menningarheima og finnst skemmtilegast að ferðast til landa þar sem fólk hefur allt aðra sýn á lífið en við. Auk þess á sagan þarna og náttúran víst að vera alveg ótrúleg.

Ég hlakka ótrúlega mikið til að spila þarna. Ég er smá stressaður með skipulagningunni enda ekki mjög margir tónleikar haldnir í landinu. Við erum að vinna með fólki sem er örlítið reynsluminna en það sem maður hefur fengið að venjast en maður tekur því bara eins og það er og ég er þakklátur fyrir þau forréttindi að fá að sjá heiminn á þennan hátt.“

Hann segir að fyrir nokkrum árum hafi hann tekið eftir því að hlutfall fylgjenda sinna á samfélagsmiðlum jókst frá Íran. Það var óvenju hátt. „Ég benti bókaranum mínum á þetta og bað hann um að reyna að finna leið fyrir okkur til að komast þangað að spila. Það er búið að taka um fjögur ár núna, en tókst loks með hjálp þýska sendiráðsins, sem styrkir ferðina.“

Ólafur heldur í túr um heiminn í maí en það er fyrsti sólótúrinn í hartnær þrjú ár. Hann byrjar í maí í Belgíu og spilar víðs vegar um Evrópu áður en hann heldur til Norður-Ameríku þar sem hann spilar í Bandaríkjunum og Kanada. „Ég er að þróa algjörlega nýja sviðssetningu sem byggir mikið á búnaði sem ég hef hannað til að stýra sjálfspilandi píanóum. Það verða því þrjú píanó á sviðinu, ég spila á eitt og hin fylgja mér með hjálp gervigreindar. Auk þess ferðast ég með strengjakvartett og trommara og við spilum nýtt efni í bland við eldra.“

**benediktboas@365.is**



**Hassan Rouhani, forseta Írans, hefur verið lýst sem hófsömum leiðtoga. Í kosningabaráttunni lofaði hann að bæta samskiptin við Vesturlönd.**

**„ÉG ER SMÁ STRESSAÐUR MEÐ SKIPULAGNINGUNA ENDA EKKI MJÖG MARGIR TÓNLEIKAR HALDNIR Í LANDINU. VIÐ ERUM AÐ VINNA MEÐ FÓLKI SEM ER ÖRLÍTIÐ REYNSLUMINNA EN ÞAÐ SEM MAÐUR HEFUR FENGIÐ AÐ VENJAST EN MAÐUR TEKUR ÞVÍ BARA EINS OG ÞAÐ ER OG ÉG ER ÞAKKLÁTUR FYRIR ÞAU FORRÉTTINDI AÐ FÁ AÐ SJÁ HEIMINN Á ÞENNAN HÁTT.**

Ólafur Arnalds, tónlistarmaður

**PLÖTUR ÓLAFS:**

- **2007:** Eulogy for Evolution
- **2008:** Variations of Static (EP)
- **2009:** Found Songs (EP)
- **2009:** Dyad 1909 (EP)
- **2010:** ...And They Have Escaped the Weight of Darkness
- **2011:** Living Room Songs (EP)
- **2013:** For Now I Am Winter


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 og Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Haukadalur. — Sími 519 6000. Geysir.com

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Kristínar Ólafsdóttur



# Gamlir vinir og myrkrið

Ég er á þrítugsaldri en bý enn í foreldrahúsum. Það er ekkert leyndarmál. Umrætt sjálfskaparvíti á sér þó fjölmargar gleðilegar hliðar. Nú þegar aðventan hefur læðst aftan að okkur öllum, hljóðlaust og fyrirvaralaust, fæ ég jólin alveg lóðbeint í æð og þarf lítið að gera sjálf. Mamma og pabbi sjá um undirbúning og ég maula á mandarínum og þykist læra undir próf. Frekar fullkomið.

Svoleiðis verða jólin alltaf nokkuð einsleit, sérstaklega þegar maður hefur búið í sama húsinu með sama fólkinu í tuttugu ár. En einsleitnin fangar líka það sem manni þykir vænst um við hátíðarnar.

Við tókum til dæmis upp vel valda muni úr jólaskrautssafninu í vikunni. Og það var svolítið eins og að sækja gamla vini á flugvöllinn sem maður hefur ekki séð lengi og samræðurnar eru svolítinn tíma að hrökkva í gang en áður en maður er kominn inn í Hafnarfjörð er aðskilnaðurinn horfinn úr minni beggja.

Þetta voru sem sagt kunnugleg andlit sem komu upp úr kössunum. 50 ára gamall, kringluleitur jólasveinn með ljósaperu í maganum gerir skammdegið nú aðeins bærilegra. Upplýst stáljólatré, keypt rétt fyrir hrun, og klaufalegir jólaálfar úr pípuhreinsurum kitla minningataugina. Og svo syrgir maður líka fallna félaga. Ofhlaðinn aðventukrans frá Blómaverkstæði Binna háði hetjulega baráttu gegn tískustraumum. En hann hafði það að lokum ekki af.

Þannig að, ef þið eruð að sligast undan jólastressi og skorti á dagsbirtu, sækið gamla vini á flugvöllinn, mælið ykkur mót við þá á kaffihúsum og komið þeim upplýstum fyrir í gluggakistunni. Látið þá hrista aðeins upp í myrkrinu.










*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS